


**skoðun** 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Gæðavottun




Gull á CenterHotel Klöpp
20.–22. mars
Skoðið nánar bls. 13



GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
20. mars 2012
67. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Frumsýndu myndband

*Greta Salóme og félagar frumsýndu myndband við framlag Íslands í Eurovision.*

**fólk** 24

## Varpa ljósi á nútímann

*Mannfræði, minni og minningar eru rannsóknarefni Huldu Proppé.*

**tímamót** 16



## Geir kominn í júdóið

*Söngvarinn Geir Ólafsson mun taka þátt í Íslandsmótinu í júdó.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**FREMUR HÆGUR VINDUR** um allt land í dag. Hvessir heldur SV- og V-til í kvöld. Væta SV-til framan af degi og bætir í seinnipartinn um S- og V-vert landið. Hiti 0 - 7stig.

VEÐUR 4

# Lækka virðisaukaskatt á græna bíla

**Ríkisstjórnin hefur samþykkt að lækka virðisaukaskatt á umhverfisvæna bíla um allt að 1,5 milljónir króna. Vonast til að bílunum fjölgi. Styður við orkuskipti í samgöngum, segir framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku.**

**UMHVERFISMÁL** Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að lækka skatta á umhverfisvæna bíla. Frumvarp þess efnis var kynnt þingflokkum stjórnarflokkanna í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Samkvæmt frumvarpinu mun virðisaukaskattur á rafmagnsbíla, sem kosta allt að sex milljónir króna, lækka um allt að 1,5 milljónir króna. Virðisaukaskattur á tengiltvinnbíla, sem kosta allt að fjórar milljónir króna, mun lækka um allt að eina milljón króna. Að öllu óbreyttu ætti sá afsláttur að skila sér beint í útsöluverð bílanna.

Sami skattaafsláttur hefur verið veittur á vetnisbíla en þessar tegundir eru nefndar hreinorkubílar þar sem þeir losa ekkert af gróðurhúsalofttegundum. Tengiltvinnbílar eru rafmagnsbílar með litlili bensínvél sem getur framleitt rafmagn þegar rafgeymirinn tæmist.

> Í Ósló eru um 1.000 ókeypis bílastæði með innstungum, þeir mega aka á strætóakreinum og fá frítt í allar ferjur sem tilheyra almenna vegakerfinu.
>
> JÓN BJÖRN SKÚLASON
> VERKEFNISSTJÓRI HJÁ GRÆNNI ORKU

Aðgerðirnar eru hluti af Grænni orku, sem er verkefni um orkuskipti í samgöngum. Samkvæmt því á hlutdeild innlendrar vistvænnar orku í samgöngum að vera 10 prósent árið 2020. Jón Björn Skúlason, hjá Íslenskri nýorku sem er verkefnisstjóri Grænnar orku, segir að skattalækkunin sé skref í rétta átt.

„Þessi bolti er búinn að vera fastur lengi og ef þetta dugir til að hreyfa við markaðnum er það frábært,“ segir Jón Björn. Hann segir erfitt að meta nákvæmlega áhrif skattalækkunarinnar.

„Norðmenn hafa haft svona kerfi lengi og salan á bílunum var lengi að fara af stað. Hún náði hámarki í fyrra þegar um 2.000 rafbílar seldust. Það er þó ekki nema um 1,5 prósent af nýseldum bílum í landinu og rafbílar í Noregi eru ekki nema 0,25 prósent af heildarbílaflotanum, sem þó er heimsmet.“

Jón Björn segir þó ýmsum spurningum ósvarað og þrátt fyrir þetta skref hafi Íslendingar ekki gengið jafn langt og Norðmenn.

„Í Ósló eru um 1.000 ókeypis bílastæði með innstungum, þeir mega aka á strætóakreinum og fá frítt í allar ferjur sem tilheyra almenna vegakerfinu.“ **- kóp**



**KVÖLDFEGURÐ Í KÓPAVOGI** Samspil ljóss og skugga setti svip sinn á Kópavog í gær. Vorjafndægur er í dag en þá er dagur jafnlangur nóttu hvar sem er á jörðinni. Af því er nafnið dregið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**SIGURVEGARAR** The Vintage Caravan vann hljómsveitakeppnina Battle of the Bands um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vintage Caravan vann GBOB:

## Pabbi rót með til Rúmeníu

**TÓNLIST** Rokksveitin The Vintage Caravan bar sigur úr býtum í hljómsveitakeppninni Global Battle of the Bands (GBOB) um helgina. Lokaúrslitin verða í Rúmeníu í sumar.

„Það verður mikill stökkpallur fyrir okkur að fara út,“ segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari The Vintage Caravan.

Foreldrar þeirra hafa verið duglegir við að styðja við bakið á þeim og stillti pabbi Óskars meðal annars upp hljóðfærunum fyrir strákana um helgina. „Hann er kallaður pabbi rót,“ segir Óskar Logi og býst fastlega við því að „sá gamli“ komi með til Rúmeníu. **- fb /** **sjá síðu 30**

Frakkar bregðast við árásum:

## Viðbúnaðurinn upp í hæsta stig

**FRAKKLAND Frönsk stjórnvöld hafa hækkað viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkahættu í hæsta stig í suðurhluta landsins eftir skotárás í borginni Toulouse í gær.**

**Þrítugur kennari við gyðingaskóla, synir hans tveir og einn annar nemandi, létust í árásinni en byssumaðurinn flúði af vettvangi. Tvær byssur voru notaðir í árásinni í gær en önnur þeirra var einnig notuð í tveimur öðrum skotárásum í Toulouse í síðustu viku.**

**Ástæða árásarinnar er ókunn en fórnarlömbin hafa öll verið úr minnihlutahópum.** **- kh /** **sjá síðu 6**

Kom auga á fyrstu lóu vorsins á gangi um Hvalfjarðarsveit í gær:

## Fékk vitni til að staðfesta komu lóu

**NÁTTÚRA** Fyrsta lóan er komin til landsins þetta vorið og virðist hafa haft sitt að segja með að kveða burt snjóinn, sem er á undanhaldi víðast hvar um land. Erling Þór Pálsson hafnsögumaður sá til heiðlóu á göngu sinni við bæinn Ytri-Hólm í Hvalfjarðarsveit, undir Akrafjalli, í gær.

„Mér sýndist ég sjá hana í fjarlægð en náði mér í kíki til að taka af allan vafa, og það stóð heima. Þetta var lóa,“ sagði Erling í samtali við Fréttablaðið. „Ég ákvað þó að kalla til vitni, svo að þetta færi ekkert á milli mála og hringdi á ljósmyndara frá Skessuhorni.“ Sá kom snarlega á staðinn og staðfesti sögu Erlings með því að festa fuglinn á mynd.

En í ljósi þess að lóan birtist fyrst í Hvalfjarðarsveitinni er þá sumarlegast um að lítast þar? „Jú, ætli það megi ekki segja það!“ segir Erling. **- þj**




Paratabs®
actavis
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 119051



N1 BLAÐIÐ
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

ms.is
NÝ BRAGÐTEGUND




með kókos

## SPURNING DAGSINS



*Hlín, eldast vel á eldavél sem eldist vel?*

Já, ég held ég geti eldað það.

Hlín Agnarsdóttir, leikstjóri og rithöfundur, notast enn við Rafha-eldavélina sína sem er frá árinu 1960.

Stjórnendur Apple ákveða að greiða hluthöfum arð í fyrsta skipti frá árinu 1995:

# Eiga meira fé en þeir koma í lóg

**BANDARÍKIN, AP** Apple-hátæknifyrirtækið hefur nú loksins viðurkennt að það eigi meira lausafé en það getur komið í lóg. Það ætlar þó ekki að bregðast við þessum tíðindum með því að lækka verð á vinsælum vörum á borð við iPod og iPad, heldur munu hluthafar fá að njóta þessarar góðu stöðu.

Apple á nú um 97,6 milljarða Bandaríkjadala, um 12.400 milljarða íslenskra króna. Það er næstum 25 sinnum meira en heildartekjur íslenska ríkisins á þessu ári.

Fyrirtækið mun nú greiða út arð til hluthafa í fyrsta skipti frá árinu 1995. Það þykir merki um áherslubreytingar hjá fyrirtækinu eftir fráfall Steve Jobs, fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins, sem lést á síðasta ári.

Jobs taldi fé fyrirtækisins betur varið í önnur verkefni, til dæmis til að kaupa önnur fyrirtæki og þróa vörur.

„Þessi ákvörðun mun ekki loka neinum dyrum fyrir okkur," segir Tim Cook, forstjóri Apple. Hann segir Apple eiga svo mikið lausafé að arðgreiðslurnar muni ekki hafa nein áhrif á vöruþróun eða getu fyrirtækisins að öðru leyti. **- bj**



**ARÐUR** Ákvörðun um að greiða hlutföfum arð mun ekki hafa áhrif á getu Apple til að þróa vörur segir Tim Cook, forstjóri Apple. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsaka leiki í snjallsímum:

# Ókeypis leikir eyða meiri orku

**TÆKNI Ókeypis leikir sem hægt er að spila í snjallsímum eyða rafhlöðum símanna hraðar en leikir sem borgað er fyrir, samkvæmt rannsókn sem BBC vitnar til.**

**Hönnuðir leikja sem ekki þarf að borga fyrir fá tekjur með því að birta litlar auglýsingar í leikjunum. Samkvæmt rannsókninni eyða símarnir mikilli orku í að sækja og birta auglýsingarnar.**

**Í sumum tilvikum fara um 75 prósent af þeirri orku sem síminn notar við að spila leikinn í að birta auglýsingarnar. - bj**

Íslenskur hugbúnaður til BNA:

# Þekkt söfn nota hugbúnaðinn

**VIÐSKIPTI** Bandarískt fyrirtæki sem rekur verslanir í mörgum af helstu söfnum Bandaríkjanna hefur keypt afgreiðsluhugbúnað frá íslenska fyrirtækinu LS Retail og Microsoft Dynamics.

Í tilkynningu frá LS Retail segir að um mikilvægan samning sé að ræða. Hugbúnaðurinn verður meðal annars notaður í Náttúruminjasafni Bandaríkjanna, Abraham Lincoln-safninu og víðar.

Hugbúnaðurinn hefur nú verið seldur til 60 landa víðs vegar um heim. Fyrirtækið hannar hugbúnaðinn hér á landi og starfa um 70 starfsmenn hérlendis, auk á fjórða þúsund sem starfa erlendis. **- bj**

ESA svarar kvörtun lánþega:

# Engin afstaða til kvörtunar

**DÓMSMÁL ESA, eftirlitstofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), hefur hafnað því að taka afstöðu til kvörtunar Samtaka lánþega vegna ákvæða í lánasamningum sem samtökin telja ólögmæt.**

**Fram kemur á vef samtakanna að ESA telji að meint misbeiting banka og fjármálastofnana falli undir landslög en ekki tilskipanir Evrópska efnahagssvæðisins.**

**Þar segir jafnframt að niðurstaðan sé „ákveðin vonbrigði", en hafa verði í huga að miðað við dómaniðurstöður hérlendis og erlendis virðist túlkun samtakanna á lögunum vera rétt. - bj**

## LÖGREGLUMÁL

### Tveir stútar

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði tvo ökumenn um helgina vegna gruns um ölvun við akstur. Báðir voru fluttir á lögreglustöð og var annar sviptur ökuréttindum eftir að á stöðina var komið.

# Hobbitinn heitir eftir eigandanum sjálfum

**Einar Magnús Gunnlaugsson fékk viðurnefnið Hobbitinn þegar hann var til sjós. Nú á Einar söluskála með því nafni í Ólafsvík. Hann óttast ekki málsókn rétthafa vegna notkunarinnar á Hobbitanafninu líkt og gerst hefur í Englandi.**

**FÓLK** „Ég held að þeir séu varla að fara að setja sig í samband við mann einhvers staðar í afdölum á Íslandi sem er hvort sem er farinn á hausinn," segir Einar Magnús Gunnlaugsson, eigandi söluskálans Hobbitans í Ólafsvík.

Vísir.is sagði frá því í síðustu viku að eigandi kráarinnar The Hobbit í Southampton á Englandi breytti nafni staðarins eftir að hafa verið hótað málssókn af fyrirtækinu Saul Zaentz í Kaliforníu. Saul Zaentz á réttinn að helstu verkum rithöfundarins JRR Tolkien sem samdi meðal annars Hobbitann og Hringadróttinssögu.

Einar kveðst einmitt hafa séð fréttina um krána í Southampton. „Menn hafa verið að gera grín að þessu. Okkur finnst þetta hálfkjánalegt bara. Þeir hafa ekki sett sig í samband við okkur og á meðan þeir gera það ekki þá er ég alveg rólegur," segir vertinn í Hobbitanum alveg afslappaður yfir málinu.

Söluskáli hefur verið í húsinu þar sem Hobbitinn er í meira en þrjá áratugi að sögn Einars. Nafninu var hins vegar breytt í Hobbitann fyrir um fimm og hálfu ári.

„Þetta kemur í raun Hobbitanum ekkert við – þannig. Ég fékk þetta sem gælunafn á mig til sjós. Af því að ég var minnstur í áhöfninni og feitlaga, hálfsköllóttur og með stóra fætur þá kallaði kokkurinn á bátnum sem ég var á mig Hobbitann. Svo festist það við mig," segir Einar sem kveður reyndar lítið lagt upp úr ævintýraheimi hobbita á staðnum hans. „Við erum með brauðsamlokur sem heita Héraðsfleki og Álfafleki. Svo erum við með Fróðafleka en það er nú bara tekið héðan úr Fróðárhreppi."




**EINAR MAGNÚS GUNNLAUGSSON** Ætlar ekki að breyta nafni söluskálans síns þótt rétthafar að nafninu Hobbit setji kráareiganda á Englandi stólinn fyrir dyrnar.

Hobbitinn er við höfnina í Ólafsvík. Einar segir slangur af ferðamönnum hafa sótt staðinn í vetur. Stemningin sé „svona úti á landi" eins og hann lýsir. „Lógóið okkar er reyndar karl í hobbitagalla. Ferðafólkinu finnst sport að standa fyrir utan og láta taka mynd af sér. Þeir koma hér inn og fá sér að borða og finnst þetta forvitnilegt og fyndið – sérstaklega þegar þeir sjá mig."

**gar@frettabladid.is**



**ALLIR ÚT** Gestir og starfsfólk ruku út af skemmtistaðnum Paddy's á aðfaranótt sunnudags. Rannsókn stendur yfir.

Lögregla rannsakar málið:

# Tæmdi slökkvitæki á Paddy's

**LÖGREGLUMÁL** Gestur á skemmtistaðnum Paddy's í Reykjanesbæ tæmdi úr sex kílóa slökkvitæki yfir staðinn og gesti aðfaranótt sunnudags.

Lögregla kom að staðnum þar sem gestir streymdu út á götu og reyk lagði frá húsinu.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að rannsókn standi yfir. Rætt hafi verið við gesti og starfsfólk, en talið er að einhverjar skemmdir hafi orðið á innanstokksmunum, sem og tækjabúnaði hljómsveitarinnar sem lék fyrir dansi þetta kvöld. **- þj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveir teknir með dóp

Tveir menn voru teknir með eiturlyf í fórum sínum á Suðurnesjum um helgina. Annar var með hvítt efni, meint eiturlyf í sokki, en gat ekki gert grein fyrir efninu sökum ölvunar, hinn var tekinn höndum á skemmtistað þar sem hann var með meint eiturlyf í buxnavasa.

### Dóp í íbúð og bíl

Lögregla á Suðurnesjum handtók tvo menn um helgina eftir að kannabisefni fundust við leit í íbúð og bifreið. Gekkst annar við því að eiga efnin. Í herbergi hins fundust svo sveppir, kannabisefni og tveir e-pillur. Þeir játuðu og var sleppt úr haldi eftir það.


SIEMENS

Tækifæri



Þvottavél WM 14A163DN

Einstaklega góð kaup.

Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+. Íslenskt stjórnborð.

Tækifærisverð:

89.900 kr. stgr.

(Fullt verð: 109.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is


Óttast að kanínur geti orðið vandamál nái þær að dreifa sér víðar í borginni:

# Telja kanínur í borgarlandinu

**NÁTTÚRA** Fyrsta almenna kanínutalningin fer nú fram í Reykjavík. Með henni á að reyna að finna út hversu margar villtar kanínur er að finna innan borgarmarkanna.

Síðustu ár hafa kanínur sést í ríkara mæli á útivistarsvæðum í og við borgina. Reykjavíkurborg hefur lagt af stað með umfangsmikið verkefni til að komast að því hversu margar villtar kanínur eru í borgarlandinu. Talningin hófst í síðustu viku.

„Þetta er sá tími ársins sem þær eru væntanlega í lágmarki. Nú hefur veturinn höggvið skörð í stofninn og þær eru ekki byrjaðar að fjölga sér enn, það fer að koma að því bráðum. Þetta er sá tími sem að við viljum sjá hvað er mikið af þeim," segir Arnór Sigfússon, deildarstjóri umhverfisdeildar Verkís.



**TALDAR** Kanínur eru gæðablóð en geta farið illa með gróður þar sem þær ná að fjölga sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Talið er á þeim svæðum þar sem kanínurnar hafa helst haldið sig, það er við Rauðavatn, Rauðhóla, Elliðavatn og í Elliðaárdal og einnig í Öskjuhlíðinni. Líffræðinemar sjá um talninguna en talið er snemma morguns við ljósaskiptin.

„Kanínur geta orðið vandamál í framtíðinni hér. Það er þekkt erlendis frá að þær hafi náð að fjölga sér og þær geta valdið tjóni á gróðri; á trjám og blómum og víðar, það er ekki vilji fyrir því að þær dreifi sér of víða," segir Arnór að lokum. **- lvp**




**iPhone 4S** (16 GB)

**149.990 kr.** stgr.

**8.990 kr.** í 18 mán.

**iPhone 4** (8 GB)

**99.990 kr.** stgr.

**6.490 kr.** í 18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter



Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 19.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,23 | 126,83 |
| Sterlingspund | 199,99 | 200,97 |
| Evra | 166,07 | 166,99 |
| Dönsk króna | 22,331 | 22,461 |
| Norsk króna | 21,969 | 22,099 |
| Sænsk króna | 18,684 | 18,794 |
| Japanskt jen | 1,5176 | 1,5264 |
| SDR | 194,04 | 195,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,3317

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tólf svissneskir og franskir skíðamenn lentu í stóru snjóflóði nærri Tromsö:

# Fimm fórust í snjóflóði í Noregi

**NOREGUR** Fimm ferðamenn fórust í snjóflóði í Noregi í gær. Flóðið, sem féll um 65 kílómetra austur af Tromsö í Norður-Noregi, hreif sex skíðamenn úr tólf manna hópi með sér, og komst aðeins einn þeirra sem grófst í flóðinu lífs af.

Fjórir þeirra sem létust voru frá Sviss en einn var frá Frakklandi. Sjötti maðurinn sem lenti í flóðinu er frá Sviss, hann þykir hafa sloppið vel og er ekki talinn alvarlega slasaður að því er fram kemur í norskum fjölmiðlum. Aðrir í hópnum voru einnig frá Sviss og Frakklandi. Lögregla fann fólkið fljótt þó snjóflóðið væri stórt þar sem allir skíðamennirnir voru með neyðarsenda sem ætlaðir eru til auðvelda björgunarmönnum að finna fólk sem grafist hefur undir snjó.

Snjóflóðið var um einn kílómetri á breidd, og var sá síðasti sem fannst grafinn undir um það bil sex metrum af snjó, segir í tilkynningu frá lögreglu á svæðinu.

Skíðamennirnir voru í um 1.100 metra hæð á Sorbmegaisafjalli þegar þeir lentu í flóðinu. - bj



**BJÖRGUN** Björgunarmenn notuðu þyrlur til að komast á vettvang, og beittu á annan tug leitarhunda til að finna þá sem grófust undir snjóflóðinu. NORDICPHOTOS/AFP

ESB ósátt við Hvíta-Rússland:

# Fordæma aftökur á föstudag

**BELGÍA Catherine Ashton, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, fordæmdi í gær aftökur tveggja hryðjuverkamanna í Hvíta-Rússlandi á föstudag. Ashton sagði að mennirnir hafi ekki fengið réttláta málsmeðferð fyrir dómi.**

**Mennirnir voru sakfelldir fyrir að standa á bak við sprengjuárás í neðanjarðalestarkerfi höfuðborgar Hvíta-Rússlands. Fimmtán létust í árásinni og hundruð særðust. Hvíta-Rússland er eina Evrópulandið þar sem dauðarefsingar eru enn við lýði.** - bj



**NAUSTASKÓLI** Lán tekið fyrir framkvæmdum við 2. áfanga.

Byggt við Naustaskóla:

# 500 milljónir teknar að láni

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að taka um 500 milljóna króna lán til að fjármagna framkvæmdir við 2. áfanga Naustaskóla. Lánið er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Það er hluti af endurlánafé frá Þróunarbanka Evrópuráðsins og þurfa því skilmálar lánsins að rúmast innan skilyrða Þróunarbankans. Upphæðin er þrjár milljónir evra og lánið er til átta ára. „Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar. - gar

Stjórn Sorpu ræðir ólykt:

# Skoða aðstæður á Álfsnesi

**UMHVERFISMÁL Stjórn Sorpu ákvað í gær að stefna „á að skoða aðstæður í Álfsnesi sem fyrst“. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru íbúar í Mosfellsbæ langþreyttir á ólykt sem stafar frá starfsstöð Sorpu á Álfsnesi.**

**Stjórn Sorpu ræddi á fundi sínum um lífrænan úrgang í Álfsnesi og fékk yfirlit kvartana af vef Mosfellsbæjar. Fram kom að hafin væri vinna við gerð skýrslu um „Samband veðurlags og lyktarkvartana í Leirvogstungu“ sem kynna eigi stjórninni í maí.** - gar

# Brýnt að bregðast skjótt við

**Stjórnvöld á Norðurlöndunum hafa hvatt Íslendinga til að bregðast hart og skjótt við myndun alþjóðlegra glæpasamtaka hér á landi. Þingkona vill láta banna samtökin. Lögregla gagnrýnir innanríkisráðherra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hversu langt eiga stjórnvöld að ganga til að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi?

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur ekki trú á því að lagalegt bann við starfsemi alþjóðlegra glæpasamtaka hér á landi skili nokkru. Hann lagði fram frumvarp í síðustu viku þar sem nýtt ákvæði bætist í lög um meðferð sakamála sem kveður á um að lögreglu sé heimilt að hefja rannsókn ef grunur vaknar um að menn ætli sér að fremja brot sem varðar fjögurra ára fangelsi og að brotið sé liður í skipulagðri glæpastarfsemi. Frumvarpið gengur allt of skammt að mati lögreglu, sem hefur kallað eftir sams konar heimildum og lögregluliðið í nágrannalöndunum hefur til að rannsaka starfsemi skipulagðra glæpagengja.



**HELLS ANGELS** Vélhjólasamtökin Hells Angels eru skilgreind af Interpol sem alþjóðleg glæpasamtök og hafa nágrannar okkar á Norðurlöndunum hvatt íslensk stjórnvöld til að bregðast við komu þeirra hingað með hörku. NORDICPHOTOS/AFP

Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokks, gagnrýnir framgang Ögmundar í málinu. Hún segir brýnt að láta banna þau vélhjólasamtök sem uppfylla skilyrði alþjóðlegra glæpasamtaka, félagafrelsi víki í slíkum tilfellum. Siv hefur flutt málið tvívegis fyrir þinginu ásamt sjö þingmönnum Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar, þar sem mælst er til þess að lögreglan fái sömu heimildir til rannsókna og á hinum Norðurlöndunum. Málið liggur nú á borði allsherjar- og menntamálanefndar þar sem Siv á sæti og segir hún alla umsagnaraðila málsins jákvæða. „Þetta er velferðarmál og er varðar almannaheill,“ segir Siv. „Við viljum búa í öruggu samfélagi.“

Í tillögunni er ályktað að fela innanríkisráðherra að leggja fram frumvarp fyrir Alþingi sem veiti íslensku lögreglunni sambærilegar heimildir og í öðrum norrænum ríkjum til að rannsaka og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Í október árið 2009 lét Ragna Árnadóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, kanna hvort setja ætti lög sem heimila stjórnvöldum að banna ákveðin félög. Var þetta gert til að bregðast við vaxandi hörku í afbrotum hér á landi og hættunni sem fylgir því að erlend glæpasamtök hasli sér hér völl.

„Það, að menn sammælist um að fremja glæpi, hvort sem það er í samtökum eða utan þeirra, er alvarlegt mál og á ekki að líðast á Íslandi,“ sagði Ragna í samtali við Fréttablaðið árið 2009. Forgangsverkefni sé að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

sunna@frettabladid.is

## Skiptar skoðanir um bann við gengjum

BA-ritgerð Bjarna Sigursteinssonar, laganema við Osgoode Hall-lagaskólann í Kanada, í lögfræði við Háskólann á Akureyri í fyrra, fjallaði um hvort bann við samtökum Hells Angels á Íslandi stæðist þau mannréttindi sem í gildi eru hér á landi. Yfirstandandi rannsókn Bjarna sýnir að nokkrir af helstu fræðimönnum heims á þessu sviði hafa lýst áhyggjum af því að það að banna félög eða gera aðild að skipulögðum glæpasamtökum refsiverða kunni að valda því að skipulögð glæpasamtök minnki sýnileika sinn en haldi áfram starfsemi sinni. Einnig að slíkri þróun gæti fylgt aukin harka. „Aðrir fræðimenn hafa hins vegar kallað eftir aðgerðum sem víkka refsiheimildir yfirvalda ekki um of,“ segir Bjarni. „Þeir hafa einnig varað við að heimila of miklar tilslakanir á hlutlægum og huglægum refsiskilyrðum. Ekki eru þó allir fræðimenn á eitt sáttir um hvar mörkin liggja og stefna sú sem mörkuð hefur verið hjá SÞ er að aðildarlöndin geri aðild að skipulögðum glæpasamtökum refsiverða eða innleiði refsingar fyrir samsæri.“

## Íslensk stjórnvöld hvött til að bregðast við

**Úr mati ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi, í mars 2010.**

*Við gerð matsins var stuðst við upplýsingar sem greiningardeild hefur aflað sér, úr gagnabönkum lögreglu. Spurningalisti var sendur öllum lögregluliðum á landinu og einnig var stuðst við upplýsingar frá útlöndum.*

- Mansal og vændi með aðkomu þriðja aðila hefur færst í vöxt á Íslandi. Alvarleg mansalsmál sem tengdust vændisstarfsemi komu til kasta lögreglu á árinu 2009.
- Vélhjólagengi eins og Hells Angels og Outlaws eru viðurkennd glæpasamtök og segir í skýrslu lögreglu að alls staðar þar sem Hells Angels hafa náð að skjóta rótum hefur aukin skipulögð glæpastarfsemi fylgt í kjölfarið. Lögregluyfirvöld og stjórnmálamenn á hinum Norðurlöndunum hafa hvatt Íslendinga til að bregðast af hörku við myndun samtakanna hér á landi.




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTA** Ekki er þörf á að draga fram sumarjakkann alveg strax. Vætusamt S- og V-til í dag og á morgun og um allt land á fimmtudag. Fremur hægur vindur í dag en heldur ákveðnari næstu daga. Kólnar lítillega fram á kvöldið á morgun en hlýnar aftur á fimmtudaginn.



**Á MORGUN** 8-15 m/s NV-til annars hægari.

**FIMMTUDAGUR** 5-13 m/s hvassast S-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 18° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 12° |
| París | 13° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI Way of Life!




# Auðsýnilegur







FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

**Verð frá 2.450 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri, beinskiptur)
$CO_2$ 116g/km




Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.




Hugtök Markaðsráðgjöf. Mars 2012

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

**KJÖRKASSINN**



*Hengir þú þvott út á snúru?*

| | |
|---|---|
| Já | 50,6% |
| Nei | 49,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt/ur við nýju útgáfuna af Eurovision-lagi Íslands?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Kaþólskir á sunnanverðum Vestfjörðum eru ósáttir við hlutskipti sitt:

# Vilja kaþólska kirkju á Patreksfjörð

**VESTFIRÐIR** Kaþólikkar á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal kvarta undan því að ekki séu haldnar kaþólskar messur á sunnanverðum Vestfjörðum og vilja að skoðað verði að byggja kaþólska kirkju á Patreksfirði.

Rúmlega hundrað undirskriftir kaþólskra á svæðinu voru sendar Pétri Bürcher, kaþólska biskupnum, í gærmorgun.

Kaþólskir á Vestfjörðum segja að svo virðist sem þeir hafi gleymst af hálfu kirkjunnar þar sem ekki hafa verið haldnar messur á svæðinu lengi. Þeir segjast órétti beittir og krefjast þess að haldnar verði messur að minnsta kosti tvisvar í mánuði á sunnanverðum Vestfjörðum og að byggð verði kaþólsk kirkja á Patreksfirði.

Þess má geta að Patreksfjörður heitir eftir verndardýrlingi Íra, og Patreksfirðingar hafa haldið upp á dag heilags Patreks.

106 kaþólikkar skrifuðu nafn sitt undir yfirlýsinguna sem send var.



**PATREKSFJÖRÐUR** Kaþólskir á sunnanverðum Vestfjörðum vilja kaþólska kirkju á Vestfirði. MYND/ÚR SAFNI

Sérfræðingar skjótast fram úr:

## Laun hækkuðu um 6,7 prósent

**EFNAHAGSMÁL Laun hækkuðu um 6,7 prósent á milli áranna 2010 og 2011 samkvæmt ársmeðaltali vísitölu launa.**

**Fram kemur á vef Hagstofu Íslands að laun á almennum vinnumarkaði hafi hækkað um 7,6 prósent að meðaltali en laun opinberra starfsmanna um 4,4 prósent.**

**Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun sérfræðinga mest, eða um 8,9 prósent, en laun iðnaðarmanna minnst eða um 6,2 prósent.** - óká

Allir skjálftar undir 4 á Richter:

## 1.196 skjálftar urðu í febrúar

**JARÐVÁ Ellefu hundruð níutíu og sex jarðskjálftar voru staðsettir á og við landið í febrúarmánuði, samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands.**

**Fram kemur að þeir stærstu hafi mælst 3,7 á Richter úti fyrir mynni Eyjafjarðar og 3,5 við Eldeyjarboða.**

**„Nokkrir skjálftar voru staðsettir suður á Reykjaneshrygg og norður á Kolbeinseyjarhrygg," segir á vef Veðurstofunnar.**

**Á Reykjaneshrygg og Reykjanesskaga að Hengli mældust 418 jarðskjálftar, á Norðurlandi 318, undir Mýrdalsjökli 216, undir Vatnajökli 57 og á hálendinu norðan Vatnajökuls voru staðsettir 46 jarðskjálftar.** - óká

Hættir tímabundið í stjórn:

## Ársæll úr stjórn Íslandssjóða

**LÖGREGLUMÁL** Ársæll Valfells, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hefur vikið tímabundið úr stjórn Íslandssjóða á meðan lögreglurannsókn á leka á gögnum frá Landsbankanum til DV stendur yfir.



**ÁRSÆLL VALFELLS**

Ársæll kom gögnum sem honum voru send fyrir tilstilli Gunnars Andersen, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, til DV. Hann segist ekki hafa vitað að þar hafi verið trúnaðarupplýsingar um Guðlaug Þór Þórðarson alþingismann.

Íslandssjóðir reka verðbréfa- og fjárfestingarsjóði, en félagið er dótturfélag Íslandsbanka. - bj

# Fjöldamorðingja leitað í Frakklandi

**Byssumaður á mótorhjóli skaut þrjú börn og einn fullorðinn til bana við skóla í Toulouse í Frakklandi í gær. Sama vopn var notað þegar þrír hermenn voru skotnir í síðustu viku. Talið er líklegt að árásirnar tengist kynþáttafordómum.**

**FRAKKLAND, AP** Fjórir eru látnir eftir að byssumaður á vespu eða mótorhjóli hóf skothríð við gyðingaskóla í borginni Toulouse í Frakklandi í gærmorgun. Þrjú börn létust og eitt er alvarlega sært. Víðtæk leit hefur verið gerð að manninum.

Vitni segja að byssumaðurinn hafi komið á svartri vespu upp að skólanum og hafið skothríð. „Hann skaut á alla sem voru nálægt honum, börn og fullorðna. Börnin voru elt inn í skólann," sagði saksóknarinn Michel Valet. Byssumaðurinn var með tvær byssur á sér og þegar önnur stóð á sér notaði hann hina. Hann skaut að minnsta kosti fimmtán skotum.

Jonathan Sandler, þrítugur maður sem kenndi við skólann, var myrtur ásamt tveimur sonum sínum, þriggja og sex ára. Þá var tíu ára stúlka myrt og sautján ára drengur særðist alvarlega.

Skotárásin var sú þriðja á rúmri viku í Frakklandi. Lögreglan greindi frá því í gær að sama byssa hefði verið notuð í að minnsta kosti tveimur þeirra.

Fyrir rúmri viku var óeinkennisklæddur hermaður drepinn í Toulouse. Síðastliðinn fimmtudag voru þrír hermenn skotnir þegar þeir voru í hraðbanka í bænum Montauban sem er 46 kílómetrum frá Toulouse. Tveir mannanna létust og einn slasaðist alvarlega. Árásarmaðurinn komst undan á vespu eða mótorhjóli.

Lögreglan rannsakar nú hvort málin tengist, en það er talið líklegt enda málin svipuð. Rannsóknarlögreglumenn sem rannsaka hryðjuverk skoða nú allar skotárásirnar. Öryggisgæsla við alla skóla gyðinga í Frakklandi var aukin í gær og seinna um daginn var gæsla aukin við allar trúartengdar byggingar. Ákveðið hefur verið að banna hermönnum að vera í búningum sínum utan herstöðva.



**VIÐ SKÓLANN** Ozar Hatorah-skólinn fyrir gyðinga er í norðausturhluta Toulouse. Lögreglumenn rannsökuðu vettvanginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fréttir hafa borist af því að allir hermennirnir sem voru skotnir í síðustu viku hafi verið frá Norður-Afríku og múslimar. Franskir fjölmiðlar sögðu frá því í gær að svo virtist sem morðin gætu verið tengd kynþáttafordómum.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, flaug til Toulouse í gær og heimsótti skólann. Hann sagði skotárásina þjóðarharmleik og tilkynnti að mínútuþögn yrði í öllum frönskum skólum í dag til minningar um þá látnu. Hann lofaði því að morðinginn yrði handsamaður. Forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanjahú, fordæmdi árásirnar í gær. thorunn@frettabladid.is



**TURNINN** Kröfuhafar eiga skrifstofubygginguna sem engar framkvæmdir hafa verið við í meira en þrjú ár.

Bæjarráð boðar aðgerðir:

## Íhugar að sekta Smáraturninn

**SVEITARSTJÓRNIR** Eigendur þess sem risið er af skrifstofuturninum við hliðina á Smáralind gætu átt von á að verða beittir dagsektum vegna ástandsins á byggingunni. Turninn er bæði íbúum í nágrenninu og eigendum Smáralindar mikill þyrnir í augum. Smáralind hefur óskað eftir því við bæjaryfirvöld í Kópavogi að þau beiti sér fyrir því að annaðhvort verði lokið við að byggja húsið eða það hreinlega rifið. Bæjarráð ætlar að láta byggingarfulltrúa bæjarins kanna hvort skilyrði séu til beitingar dagsekta ef ekki hefur verið gerð grein fyrir áframhaldandi byggingaráformum fyrir 20. maí næstkomandi. - gar

Ungt fólk frá 13 löndum:

## Skiptinemar á Bessastöðum

**MENNTAMÁL Skiptinemar frá þrettán löndum heimsóttu Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á Bessastaði á föstudag.**

**Tíðkast hefur hjá skiptinemasamtökunum AFS að heiðra forsetann á Bessastöðum þegar dvöl nemanna er hálfnuð hér á landi. Forsetanum eru þá færð blóm og er síðan haldið á Snæfellsnes í helgarferð. Nú eru sautján skiptinemar frá þrettán löndum á landinu sem allir dvelja hjá íslenskum fjölskyldum og ganga í íslenska skóla.** - sv




Ekki haldið utan um kostnað við ritun sögu Kópavogs á bæjarskrifstofunni:

# Vinna fyrrum bæjarfulltrúa sé skýrð

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er ekki auðvelt að draga þennan kostnað saman þar sem hann er ekki alltaf sérgreindur, heldur samþættist öðrum kostnaði hjá bænum," segir í svari Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra við fyrirspurn bæjarfulltrúans Hjálmars Hjálmarssonar um heildarkostnað bæjarins við ritun Sögu Kópavogs.

Hjálmar spurði þess utan hverjir hefðu fengið greitt í tengslum við ritun Sögu Kópavogs 1990-2010 og hversu mikið. Einnig hver afraksturinn væri.

Í svari Ármanns er, sem dæmi um hversu erfitt það sé að draga kostnaðinn saman, bent á samning sem gerður var 2008 við Björn Þorsteinsson sviðsstjóra hjá bænum um að hann léti af því starfi. Björn hafi á tveggja ára samningstíma átt að taka að sér ritun sögu Kópavogs frá árinu 1980 til 2009 auk þess að sinna öðrum verkefnum á menningar- og tómstundasviði. „Þetta vinnuframlag hefur ekki verið sérstaklega skráð niður, frekar en starfið við ritun sögunnar," útskýrir bæjarstjórinn.



**HJÁLMAR OG ÁRMANN KR.** Bæjarfulltrúi vill skýrari svör um ritun sögu Kópavogs en bæjarstjórinn hefur gefið.

Bein útgjöld segir bæjarstjórinn hins vegar nema 1.862.517 krónun, þar af hafi Sigurrós Þorgrímsdóttir fengið eina milljón. Hjálmar óskar eftir frekari skýringum. Meðal annars vill hann vita í hverju vinna Sigurrósar fólst. Hún er fyrrverandi bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Kópavogi. - gar

goodness

SATT KYNNIR SPENNANDI MATARVIÐBURÐ

# af hinu góða

**Pop-up veitingastaðurinn Goodness** fæddist á tískuvikunni í New York og sló algjörlega í gegn. Goodness er helgaður hollum, endurnærandi og ljúffengum mat með ríka áherslu á staðbundið hráefni. Hann skýtur upp kollinum á Íslandi í örfáa daga og á að sjálfsögðu heima á Satt, enda er Goodness 100% í takt við hugmyndafræði okkar. Elettra Wiedemann og matreiðslumeistarar Satt framreiða nýstárlegan fjögurra rétta matseðil í hádeginu og á kvöldin á meðan á HönnunarMars stendur.

ENNEMM / SÍA / NM49081




Elettra Wiedemann er stofnandi Goodness. Elettra er heimsfræg ofurfyrirsæta og andlit snyrtivörurisans Lancôme, líkt og móðir hennar, var áður, Isabella Rossellini. Hún er líka með meistaragráðu á sviði næringar og heilsu frá London School of Economics. Elettra kemur með Goodness til okkar á Satt á HönnunarMars. Hópar geta pantað hádegis- eða kvöldverð í sér sal og fengið með matnum frábæran fyrirlestur Elettru um Goodness, tískuheiminn, baráttu hennar fyrir innleiðingu heilbrigðari lifnaðarhátta og góðgerðarstörf.

**Icelandair hótel Reykjavík Natura** Nauthólsvegur 52 101 Reykjavík **Sími 444 4050** satt@sattrestaurant.is www.sattrestaurant.is

**FRÉTTASKÝRING:** Til hvers ber að líta þegar tekið er húsnæðislán?



**FASTEIGNIR Í REYKJAVÍK** Óverðtryggð fasteignalán hafa notið vinsælda hjá húsnæðiskaupendum síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fleiri gerðir húsnæðislána í boði en áður

**Valkostum húsnæðiskaupenda á lánamarkaði hefur fjölgað með tilkomu óverðtryggðra fasteignalána. Til margs ber að líta þegar lánagerð er valin en væntingar um verðbólgu og vexti eru lykilatriði. Fréttablaðið gerði stuttan samanburð á verðtryggðum og óverðtryggðum fastvaxtalánum.**

Eftir að viðskiptabankarnir hófu að bjóða óverðtryggð húsnæðislán standa húsnæðiskaupendum nú til boða bæði verðtryggð og óverðtryggð lán, ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum, auk blandaðra lána.

Upp á síðkastið hafa vinsælustu lánagerðirnar verið óverðtryggð fastvaxtalán og klassísk verðtryggð húsnæðislán. Hjá Íbúðalánasjóði eru enn einungis verðtryggð lán í boði en sjóðurinn áformar að byrja að bjóða óverðtryggð lán á síðari hluta þessa árs. Stóru viðskiptabankarnir þrír auk MP banka bjóða hins vegar óverðtryggð lán, þar af allir utan MP banka lán með föstum vöxtum til ýmist þriggja eða fimm ára en svo með endurskoðunarákvæði. Hjá stóru bönkunum þremur hefur meirihluti og jafnvel mikill meirihluti lántakenda kosið að taka óverðtryggð lán. Undanfarið hafa fastvaxtalánin verið vinsælust en lán með breytilegum vöxtum hafa einnig verið vinsæl, til dæmis hjá Íslandsbanka þar sem þau bjóðast með 5,4% vöxtum fyrst.

Fréttablaðið ræddi við Jón Finnbogason, aðstoðarframkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs hjá Íslandsbanka, um hvað almennt ber að hafa í huga þegar húsnæðislán er tekið.

Jón segir engan einn valkost bestan þegar tegund af íbúðaláni er valin. Til margs beri að líta og val hvers og eins eigi að velta á þolgæði gagnvart áhættu, væntingum um þróun verðbólgu og vaxta og svo framvegis.

Spurður út í muninn á verðtryggðum lánum og óverðtryggðum fastvaxtalánum leggur hann áherslu á að hvor tegund fyrir sig hafi ákveðna kosti. Í tilfelli verðtryggðu lánanna bætist verðbætur við höfuðstól lánsins en í tilfelli óverðtryggðra lána þurfi í raun að staðgreiða verðbæturnar þótt vextirnir geti verið fastir til fyrstu áranna.

Greiðslubyrði óverðtryggðra lána er af þessum sökum þyngri en greiðslubyrði verðtryggðra lána fyrstu ár lánsins hið minnsta. Hins vegar er eignamyndun hraðari en ella.

Þá bendir Jón á að til lengri tíma litið séu tengsl milli verðbólgu og markaðsvaxta nokkur. Verði verðbólga því talsverð fyrstu ár lánsins sé líklegt að vextir í boði á markaði hækki. Óverðtryggða fastvaxtalánið kann því að líta út fyrir að vera hagstæðara fyrstu árin á meðan verðbætur leggjast á verðtryggða lánið. Það geti hins vegar snúist við síðar ef vextir óverðtryggða lánsins hækka snarlega við endurskoðun þess.

Því má stilla dæminu upp þannig að velja þurfi á milli þess annars vegar að greiða aðeins meira á mánuði og taka á sig þá áhættu að fá lakari vexti eftir nokkur ár en að sjá í staðinn höfuðstólinn lækka jafnt og þétt. Og hins vegar þess að greiða nokkru minna á mánuði, þurfa ekki að hafa áhyggjur af þróun vaxta en þurfa á móti að sætta sig við mun hægari eignamyndun.

Loks segir Jón að síðustu misseri hafi kannski verið talað verr um verðtryggð lán en þau eigi skilið. Slík lán henti vel til langtímafjármögnunar þar sem áhætta sé í raun jöfnuð yfir tíma. Óverðtryggðu lánin geti verið hagstæðari en lántakar verði þá að vera búnir undir meiri sveiflur í greiðslubyrði.

Í töflum sem fylgja þessari umfjöllun má sjá einfalt dæmi blaðamanns um samanburð á annars vegar verðtryggðu og hins vegar óverðtryggðu fastvaxtaláni sem hefur endurskoðunarákvæði eftir fimm ár. Taka má fram að viðtalið við Jón Finnbogason er ekki tekið með hliðsjón af þessu dæmi heldur fjallar það almennt um fasteignalán.




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is


## Þróun verðtryggðs fasteignaláns - þrjár sviðsmyndir

**Sviðsmynd A) - Verðbólguspá Seðlabankans stenst***

| Dagsetning | Eftirstöðvar | Vextir | Afborgun | Verðbætur | Greiðsla |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1.2012 | 25.000.000 kr. | 1.100.000 kr. | 239.243 kr. | 850.000 kr. | 1.339.243 kr. |
| 1.1.2013 | 25.610.757 kr. | 1.126.873 kr. | 258.344 kr. | 691.490 kr. | 1.385.217 kr. |
| ... | | | | | |
| 1.1.2017 | 27.080.415 kr. | | | | |

Samtals greiðslur: 7.096.436 kr. Á föstu verðlagi: 6.525.237 kr.*
Mánaðarleg greiðsla: 118.274 kr. Á föstu verðlagi: 108.754 kr.*

**Sviðsmynd B) - Verðbólguvæntingar markaðsaðila standast****

| Dagsetning | Eftirstöðvar | Vextir | Afborgun | Verðbætur | Greiðsla |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1.2012 | 25.000.000 kr. | 1.100.000 kr. | 239.243 kr. | 1.250.000 kr. | 1.339.243 kr. |
| 1.1.2013 | 26.010.757 kr. | 1.144.473 kr. | 262.379 kr. | 1.222.506 kr. | 1.406.852 kr. |
| ... | | | | | |
| 1.1.2017 | 29.882.365 kr. | | | | |

Samtals greiðslur: 7.375.818 kr.Á föstu verðlagi: 6.401.601 kr.**
Mánaðarleg greiðsla: 122.930 kr.Á föstu verðlagi: 106.693 kr.**

**Sviðsmynd C) - Verðbólgudraugurinn fer á kreik, 6% verðbólga næstu 5 ár*****

| Dagsetning | Eftirstöðvar | Vextir | Afborgun | Verðbætur | Greiðsla |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1.2012 | 25.000.000 kr. | 1.100.000 kr. | 239.243 kr. | 1.500.000 kr. | 1.339.243 kr.s |
| 1.1.2013 | 26.260.757 kr. | 1.155.473 kr. | 264.901 kr. | 1.575.645 kr. | 1.420.374 kr. |
| ... | | | | | |
| 1.1.2017 | 31.804.579 kr. | | | | |

Samtals greiðslur: 7.558.690 kr. Á föstu verðlagi: 6.324.489 kr.***
Mánaðarleg greiðsla: 125.978 kr. Á föstu verðlagi: 105.408 kr.***

* Hér er gert ráð fyrir að verðbólga þróist samkvæmt verðbólguspá Seðlabankans næstu þrjú árin. Árin tvö þar á eftir er svo gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,5%, þ.e. í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans.
** Hér er gert ráð fyrir að verðbólga þróist í samræmi við væntingar markaðsaðila á fjármálamarkaði samkvæmt könnun sem Seðlabankinn birti niðurstöður úr 1. mars síðastliðinn.
*** Hér er gert ráð fyrir að glíman við verðbólguna reynist mun erfiðari en almennt er talið.

## Þróun óverðtryggðs fasteignaláns með fasta vexti

| Dagsetning | Eftirstöðvar | Vextir | Afborgun | Greiðsla |
|---|---|---|---|---|
| 1.1.2012 | 25.000.000 kr. | 1.100.000 kr. | 667.343 kr. | 1.767.343 kr. |
| 1.1.2013 | 24.332.657 kr. | 1.070.637 kr. | 696.706 kr. | 1.767.343 kr. |
| ... | | | | |
| 1.1.2016 | 22.149.224 kr. | 974.566 kr. | 792.777 kr. | 1.767.343 kr. |
| 1.1.2017 | 21.356.447 kr. | | | |

Samtals greiðslur: 8.836.717 kr.
Mánaðarleg greiðsla: 147.279 kr.

Samtals greiðslur á föstu verðlagi miðað við verðbólguspá Seðlabankans: 8.136.077 kr.*
Á mánuði: 135.601 kr.*

Samtals greiðslur á föstu verðlagi miðað við væntingar markaðsaðila: 7.701.794 kr.**
Á mánuði: 128.363 kr.**

Samtals greiðslur á föstu verðlagi miðað við 6% verðbólgu: 7.444.692 kr.***
Á mánuði: 124.078 kr.***

## Um dæmi í töflum*

- Í þessu einfalda dæmi er gert ráð fyrir að tveir einstaklingar hafi um síðustu áramót tekið 25 milljóna króna fasteignalán. Annar hafi tekið verðtryggt lán á 4,4% vöxtum án uppgreiðsluákvæðis en hinn hafi tekið óverðtryggt fastvaxtalán á 6,5% vöxtum með endurskoðunarákvæði eftir fimm ár. Hinum síðari gefst því færi á að breyta lánagerð sinni eftir fimm ár kjósi hann svo. Þó ber að hafa í huga að ekki er víst að sömu vextir bjóðist eftir fimm ár.
- Verðtryggða lánið er byggt á þeim lánum sem Íbúðalánasjóður býður en óverðtryggða fastvaxtalánið er eins konar samsuða úr þeim lánum sem stóru þrír viðskiptabankarnir bjóða. Þannig býður Íslandsbanki óverðtryggt fastvaxtalán með 6,2% vöxtum sem hefur endurskoðunarákvæði eftir þrjú ár. Arion banki býður slíkt lán með 6,45% vöxtum og endurskoðunarákvæði eftir fimm ár og Landsbankinn býður slíkt lán með 6,6% vöxtum og endurskoðunarákvæði eftir ýmist þrjú eða fimm ár.
- Í þessu dæmi er þróun lánanna borin saman fyrstu fimm ár lánstímans. Nánar tiltekið eru settar fram þrjár sviðsmyndir um hvernig þróun lánanna gæti orðið.

** Dæmið er blaðamanns. Þá ber að hafa í huga að það er að nokkru leyti einföldun á raunverulegum lánaútreikningum. Það ætti að gefa lesendum góða hugmynd um hvernig lánagerðirnar tvær þróast miðað við ákveðnar forsendur en það á hins vegar ekki að taka bókstaflega.*




MARSTILBOÐ
Vnr. 3000065
DISPÓSERVÍETTUR
HVITAR, 1–LAGA
BOXASERVÍETTUR Í LITLA BORÐSKAMMTARA FYRIR SJOPPUR OG MÖTUNEYTI
9.600 stk. í kassa
TILBOÐSVERÐ
7.511 KR.
Verð áður 10.015 kr.
Góð þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir
Stórhöfða 42, Reykjavík | 587 7788
Austursíðu 2, Akureyri | papco.is
papco



Verslunarpláss óskast.

Leita að góðu 900–1.400 fermetra verslunarplássi til leigu í austurhluta Reykjavíkur.
Góð bílastæði skilyrði.
Traustur leigutaki.
Uppl: Ragnar Tómasson 896 2222.
ragnar@samningar.is

Nýtt tákn um gæði

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.

## Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.




## Lífið er greit

Spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 5.390.000 kr.
Lægra verð fyrir beinskiptan með 140 hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari upplýsingar á ford.is eða hjá ráðgjöfum.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 6.290.000 kr.
Betra verð fyrir sjálfskiptan með 163 hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari upplýsingar á ford.is eða hjá ráðgjöfum.

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja

**Komdu í kaffi**
**Komdu í Brimborg í dag**
Opið 9 - 17

## Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 9 - 17*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

*Öruggur staður til að vera á*



**ST. PATRICK'S DAY Í BOSTON** Þessar ungu konur fylgdust með árlegri skrúðgöngu í Boston um helgina í tilefni af degi heilags Patreks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rauði krossinn fundar með utanríkisráðherra Rússa vegna Sýrlands:

# Vilja að Rússar styðji vopnahlé í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Rauði krossinn hefur beðið Rússa um að hafa milligöngu um tveggja tíma vopnahlé daglega í Sýrlandi. Talsmenn Rauða krossins segja Rússa hafa tekið vel í málið.

Rauði krossinn hefur ekki fengið leyfi frá stjórnvöldum í Sýrlandi til þess að fara með hjálpargögn á öll stríðshrjáð svæði í landinu. Þau hafa ekki heldur samþykkt tveggja tíma vopnahléið sem Rauði krossinn leggur til. Rússar eru hins vegar meðal fárra bandamanna stjórnvalda í Sýrlandi og er talið að þeir geti haft áhrif. Tíminn yrði notaður til að koma hjálpargögnum til bágstaddra.

Hörð átök brutust út í höfuðborginni Damaskus aðfaranótt gærdagsins og heyrðist í handsprengjum og hríðskotabyssum að sögn íbúa. Átökin voru í grennd við höfuðstöðvar öryggislögreglunnar og hefur það ekki gerst áður.

Öflug bílasprengja sprakk í borginni Aleppo á sunnudag og varð að minnsta kosti þremur að bana. Daginn áður höfðu sprengingar valdið manntjóni í höfuðborginni. Stjórnvöld segja uppreisnarmenn bera ábyrgð á sprengjunum. Uppreisnarmenn saka hins vegar stjórnvöld um að setja sprengjuárásirnar á svið til að draga úr trúverðugleika uppreisnarinnar. **- þeb**



**SKEMMDIR Á HÚSUM** Hús skemmdust í átökum í Damaskus aðfaranótt mánudags, í hverfi þar sem sendiráð og stjórnarbyggingar eru og starfsfólk þeirra býr. NORDICPHOTOS/AFP






**FRÁ EVRÓPUÞINGINU** Ályktun Evrópuþingsins um framvinduskýrslu vegna viðræðna Íslands og ESB felur ekki í sér skilyrði um framhald viðræðnanna, að sögn Evrópustofu. NORDICPHOTOS/AFP

# Ekki skilyrði í ályktun Evrópuþings

**Mismunandi hugmyndir eru um vægi ályktunar Evrópuþingsins vegna aðildarviðræðna við ESB. Evrópustofa segir ályktanir sem þessar almennt ekki fela í sér skilyrði um framhald viðræðna.**

**EVRÓPUMÁL**

Hvaða vægi hefur nýleg ályktun Evrópuþingsins um framvinduskýrslu vegna aðildarviðræðna við ESB í viðræðunum sjálfum?

Ályktun Evrópuþingsins um framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) vegna aðildarviðræðna við Ísland kom til tals á Alþingi síðastliðinn fimmtudag. Þar innti Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra eftir því hvenær hægt yrði að ræða þessa ályktun í sérstakri umræðu á þingi.



**BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR**

Jón sagði þar: „Í þessu áliti eru í mörgum liðum rakin þau atriði í sjávarútvegi, í landbúnaði, í gjaldeyrismálum, í utanríkisviðskiptamálum og fjárfestingarmálum sem Íslendingar verða að uppfylla til að falla að þeim skilyrðum sem Evrópusambandið setur fyrir framhaldi viðræðnanna eða til aðlögunar og inngöngu í sambandið, til dæmis fjárfestingar í sjávarútvegi, fjárfestingar í orkufrekum iðnaði og svo framvegis."

Jón bætti enn fremur við eftir fyrsta svar Jóhönnu: „Ég velti fyrir mér hvort ráðherrann hafi lesið þessar skýrslur og hvort hún átti sig á því hvaða stöðu þessar skýrslur hafa af hálfu Evrópusambandsins þegar Evrópuþingið er búið að samþykkja þau skilyrði sem sett eru fyrir framhaldi málsins."

**Framvinduskýrsla**

Framvinduskýrslur eru gefnar út árlega til að meta stöðu stækkunarferlis ESB, þann árangur sem náðst hefur og hvað stendur út af til að ríki uppfylli kröfur um aðild.

Jóhanna svaraði þá til: „Ég held að það sé hreinn misskilningur hjá háttvirtum þingmanni að skýrsla sem Evrópusambandið er að vinna um stöðuna af sinni hálfu sé þannig að við séum bundin af öllu því sem þar er sett fram og öllum skilyrðum. [...] Það er alveg ljóst að þessar aðildarviðræður eru ekki eftir skilyrðum eða á forsendum Evrópusambandsins."

Það virðist því sem eitthvað fari á milli mála á Alþingi varðandi vægi ályktunarinnar í samningaviðræðunum, það er hvort í henni felist skilyrði um áframhald viðræðnanna.

Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Evrópustofu sem er kynningar- og upplýsingamiðstöð ESB, segir aðspurð að ályktanir Evrópuþingsins um hinar árlegu framvinduskýrslur feli almennt ekki í sér slík skilyrði.

„Ályktanir sem þessar hafa ekkert formlegt vægi í aðildarviðræðunum. Málið er á höndum aðildarríkjanna sjálfra og tæknileg stjórnun hjá framkvæmdastjórninni. Evrópuþingið hefur þó pólitískt vægi í gegnum eftirlitshlutverk sitt. Svo er aðildarsamningurinn, þegar hann liggur fyrir, háður samþykki þingsins."

**thorgils@frettabladid.is**



Rick Santorum ætlar ekki að gefast upp í baráttunni um útnefningu repúblikana:

# Romney vann stórisgur í Púertó Ríkó

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney vann stórsigur í forkosningum Repúblikanaflokksins í Púertó Ríkó á sunnudag. Romney hlaut yfir áttatíu prósent atkvæða og alla tuttugu kjörmennina.

Romney hefur nú fengið 521 kjörmenn á meðan helsti keppinautur hans, Rick Santorum, hefur fengið 253. Newt Gingrich er með 136 kjörmenn og Ron Paul 50. 1.144 kjörmenn þarf til að hljóta útnefningu Repúblikanaflokksins á ársfundi hans í ágúst.

Eiginkona Romney, Ann Romney, hvatti repúblikana í gær til þess að fylkja sér um hann. Hún sagði tímabært að þeir stæðu saman og styddu einn frambjóðanda svo hægt væri að beina sjónum að því að sigra demókratann Barack Obama í forsetakosningunum.



**KOSNINGABARÁTTAN** Mitt og Ann Romney hafa eytt síðustu dögum í Illinois í kosningabaráttu, enda eru forkosningar þar í dag. Þau báru fram þessa pönnuköku á veitingastað í Springfield í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Santorum segist hins vegar langt frá því að hætta baráttunni. Hann sagði það blessun fyrir sig að fólk vanmeti hann iðulega. Forkosningar verða í Illinois í dag og Louisiana á laugardag. Enn á eftir að kjósa í um helmingi ríkjanna.

Obama forseti hefur hert á fjáröflun sinni fyrir kosningarnar undanfarið. Hann safnaði 45 milljónum dollara í febrúar og hefur safnað um 300 milljónum samtals fyrir kosningarnar. - þeb



**OPNAÐI BARNASPÍTALA** Katrín hertogaynja af Cambridge hélt fyrstu opinberu ræðu sína í gær eftir að hún varð hertogaynja. Hún opnaði barnaspítala í Ipswich. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LEIFSSTÖÐ** Tollgæslan og fíkniefnahundurinn Nelson stóðu mann að tilraun til að smygla kannabisefnum til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tekinn í tollinum á Leifsstöð:

## Nelson nappaði mann með dóp

**LÖGREGLUMÁL** Ferðamaður sem kom til landsins frá Amsterdam í fyrradag var stöðvaður við hefðbundið eftirlit og reyndist hafa um þrjú grömm af meintum kannabisefnum í fórum sínum. Þá fannst á honum hasspípa, tvær hasskökur og lítill poki af ætluðum kannabisfræjum.

Maðurinn var stöðvaður eftir að fíkniefnahundurinn Nelson hafði „merkt“ hann við komuna til landsins.

Mál mannsins var tekið fyrir hjá lögreglunni á Suðurnesjum og var honum gert að greiða tæplega 40 þúsund krónur í sekt fyrir kannabisefnin en hasspípan, kökurnar og fræin voru haldlögð og afsalaði hann því til eyðingar áður en hann hélt sína leið. - þj

Tilraunir á músum:

## Með ADHD af farsímageislun

**VÍSINDI Nýjar tilraunir á þunguðum músum sýna að fóstur sem urðu fyrir geislun frá farsímum fengu á fullorðinsaldri einkenni sem minntu á ADHD.**

**Vísindamenn frá Yale-háskólanum í Bandaríkjunum gerðu tilraunirnar sem greint er frá í ritinu Scientific Report. Mýsnar sem á fósturstigi urðu fyrir geislun frá farsímum urðu ofvirkar þegar þær urðu fullorðnar og minni þeirra verra en hjá viðmiðunarhópi.**

**Frekari rannsóknir þykja nauðsynlegar til þess að hægt sé að slá því föstu að niðurstöðurnar gildi um manneskjur.** - ibs

Um 10 prósent óánægðir:

## Mikið traust til vinnuveitenda

**ATVINNUMÁL** Íslendingar treysta vinnuveitendum sínum mjög vel, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins. Um 75 prósent aðspurðra segjast bera mikið eða fullkomið traust til vinnuveitenda sinna. Um 10 prósent bera til þeirra lítið sem ekkert traust.

Landhelgisgæslan og lögreglan eru einu stofnanirnar sem njóta meira trausts meðal fólks heldur en vinnuveitendur þess. Samkvæmt könnunum Capacent eykst traust fólks á eigin vinnuveitanda milli ára en á sama tíma fer traust fólks á stofnunum þjóðfélagsins þverrandi. - sv




Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

*FORRÉTTUR*

Masala tígrisrækjur
*Pönnusteiktar tígrisrækjur með gómsætri blöndu af sinnepsfræjum, karrílaufblöðum, kóríander og chillí*

*AÐALRÉTTIR*

Gulabi Gosht
*Lambafillet marinerað í garam masala, engiferi, rósarblöðum, hvítlauk og kasjúhnetum. Grillað í tandoori-ofninum*

*og*

Tikka Masala kjúklingur
*Grillaðar kjúklingalundir í mildri sósu með kókos, tómötum, rjóma, kasjúhnetum og heimalagaðri kryddblöndu*

*og*

Gobi Mattar
*Ljúffeng blanda af baunum og blómkáli í kóríander, lauk, engiferi og hvítlauk*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

*og*

Basmati-hrísgrjón

*og*

Naan
*Indælis brauð úr tandoori-ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Kulfi
*Heimalagaður ís úr pistasíuhnetum og saffrani*

# HOLI-hátíð
## á Austur-Indíafjelaginu
*– gleði, litir og dásamlegur matur*

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **4.990 kr**.

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð. Borðapantanir í síma 552 1630.***




*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrsti dómur Alþjóðaglæpadómstólsins:

# Samvizka heimsins rumskar

Alþjóðaglæpadómstóllinn í Haag kvað upp sinn fyrsta dóm í síðustu viku, yfir kongóska stríðsherranum Thomas Lubanga. Hann var fundinn sekur um að hafa rænt fjölda barna og þvingað þau til að taka þátt í hernaði og ýmiss konar grimmdarverkum.

Þetta er vissulega sögulegur áfangi í starfi dómstólsins, sem hefur að mörgu leyti farið brösuglega af stað. Dómurinn hefur starfað í tíu ár og ber að koma lögum yfir háttsetta menn sem bera ábyrgð á þjóðarmorðum, stríðsglæpum og glæpum gegn mannkyni ef þeir hafa ekki verið dregnir fyrir dóm í heimalandinu. Lubanga var fyrsti maðurinn sem handtekinn var að skipan dómstólsins. Réttarhaldið yfir honum hefur tekið heil sjö ár.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Dómstóllinn líður meðal annars fyrir það að ekki er alþjóðleg samstaða um starfsemi hans; öflug ríki á borð við Kína, Indland og Bandaríkin eiga ekki aðild að honum. Hann hefur engu eigin lögregluliði á að skipa til að handtaka menn sem hann ákærir og verður að reiða sig á að ríki heims séu fús til að framselja þá. Það eru þau oft alls ekki; meðákærði Thomas Lubanga, Bosco Ntaganda, er til dæmis frjáls maður, hershöfðingi í kongóska hernum og heldur áfram að drepa fólk.

Dómstóllinn hefur líka verið gagnrýndur fyrir að gefa enn sem komið er eingöngu út handtökuskipanir og ákærur á hendur afrískum glæpamönnum. Það helgast meðal annars af því að einungis Afríkuríki hafa sjálf leitað til dómstólsins og að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki vísað til hans málum frá öðrum heimshlutum. Þar að baki geta hins vegar legið dýpri alþjóðapólitískar ástæður eins og til dæmis að hinn nýi alþjóðlegi armur laganna nái ekki til glæpamanna frá ríkjum sem njóta stuðnings stórvelda með neitunarvald í Öryggisráðinu. Þar hefur Sýrland verið nefnt sem dæmi að undanförnu.

Fjöldamargir, sem Alþjóðaglæpadómstóllinn vill koma lögum yfir, ganga lausir. Sumir þeirra hafa verið í fréttunum undanfarna daga og vikur. Joseph Kony, stríðsherra í Úganda, hefur svipaða glæpi á samvizkunni og Lubanga. Til hans næst tæplega nema með hervaldi, þótt heimurinn sé sér betur meðvitaður um glæpi hans eftir mikla netherferð á undanförnum vikum. Annar er fyrrverandi yfirmaður líbísku leyniþjónustunnar, Abdullah al-Senoussi, sem var handtekinn í Máritaníu á laugardaginn. Það á eftir að skýrast hvort hann verður framseldur til Haag.

Sá þriðji er Bashir Omar, forseti Súdans, en handtökuskipan á hendur honum var gefin út fyrir þremur árum vegna glæpa súdanska stjórnarhersins í Darfur. Hann ferðast að vild um Afríku og hefur ekki verið handtekinn. Hjartaknúsarinn George Clooney var hins vegar tekinn af lögreglunni fyrir að mótmæla glæpum Omars við súdanska sendiráðið í Washington fyrir helgi, sem vakti athygli á málinu.

Það er áreiðanlega langt þangað til hægt verður að halda því fram að til sé skilvirkt alþjóðlegt réttarkerfi, sem komi lögum yfir glæpamenn sem sitja í valdastólum víða um heim. Fyrsti dómur Alþjóðaglæpadómstólsins vekur þó vonir um að samvizka heimsins sé aðeins að byrja að rumska, þótt líklega sé fullmikið sagt að hún sé vöknuð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjölskrúðug framboð

Útlit er fyrir að fjöldi valkosta á kjörseðlum landsmanna verði fleiri en menn hafa átt að venjast í næstu þingkosningum. Auk hins rótgróna fjórflokks verður þar sennilega að finna Bjarta framtíð, flokkinn sem Guðmundur Steingrímsson og Heiða Kristín Helgadóttir leiða, Samstöðu, flokk Lilju Mósesdóttur, og nú Dögun, ný stjórnmálasamtök þar sem saman koma Borgarahreyfingin, Hreyfingin, Frjálslyndi flokkurinn og einstaklingar úr stjórnlagaráði. Þá er aldrei að vita nema enn fleiri flokkar bjóði fram svo sem Hægri grænir Guðmundar Franklíns Jónssonar eða Lýðfrelsisflokkurinn sem Guðbjörn Guðbjörnsson og fleiri standa að.



### Dögun bjartrar framtíðar

Segja má að nöfn Samstöðu, Hægri grænna og Lýðfrelsisflokksins rími ágætlega við nöfn gömlu flokkanna: Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Það sama verður hins vegar varla sagt um nöfn Bjartrar framtíðar og Dögunar.



### Skipta nöfnin máli?

Aukinni fjölbreytni í nafngiftum íslenskra stjórnmálaflokka ber að fagna og þá má hrósa framboðunum fyrir frumleika. Að því sögðu er hvorugt nafnið sérlega vel heppnað. Björt framtíð hljómar eins og slagorð í sjónvarpsauglýsingu fjármálafyrirtækis fyrir hrun og þá minnir nafn Dögunar heldur á einhvers konar nýaldar-snyrtistofu en nafn alvarlegra stjórnmálasamtaka. Það skiptir þó sennilega ekki miklu enda hafa nöfn stjórnmálaflokka varla mikið um fylgi þeirra að segja.

**magnusl@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Íslensk börn og kynhegðun

Samfélagsmál



Eygló Harðardóttir
Alþingismaður

Íslendingar byrja snemma að stunda kynlíf. Í könnun frá 2006 um heilbrigði skólabarna í heiminum kom í ljós að 29% íslenskra drengja á aldrinum 15-16 ára höfðu stundað kynmök. Hlutfallið var töluvert hærra meðal stúlkna, eða 36% og var einungis hærra hjá dönskum (40%) og grænlenskum (66%) stúlkum. Fjöldi bólfélaga er einnig hæstur hér á landi samanborið við önnur norræn ríki. Á sama tíma er notkun smokka með því lægsta á Vesturlöndum og notkun hormónagetnaðarvarna hefur dregist saman, að undanskilinni sölu á neyðargetnaðarvörn.

Helstu ástæður þess að börnin okkar byrja snemma að sofa hjá er vegna þrýstings frá vinahópnum, skortur á samskiptum og áfengisneysla.

Þessar staðreyndir eru ekki nýjar af nálinni þótt umræðan undanfarna daga um að stúlkur allt niður í ellefu ára gamlar séu að stunda kynlíf gefi annað til kynna. Við getum haldið áfram að hunsa þessar staðreyndir. Það hefur gengið ágætlega hingað til og árangurinn eftir því.

> Hættum að hunsa staðreyndir – börnin okkar eiga einfaldlega betra skilið.

Tæp 40% stúlkna og fjórðungur drengja á aldrinum 16-19 ára höfðu séð eftir því að stunda kynlíf. Tíðni klamydíu og kynfæravartna er með því hæsta sem þekkist og barneignir í aldurshópnum 15-19 ára eru mun fleiri en í öðrum norrænum ríkjum. Árið 2008 var fjöldi barna á hverjar 1.000 konur 15-19 ára 14,6 á Íslandi, 9,3 í Noregi, 8,6 í Finnlandi og 6,0 í Danmörku og Svíþjóð.

Við verðum að axla ábyrgð sem samfélag á því að börnin okkar stunda kynlíf alltof snemma, á óheilbrigðan og óábyrgan máta og grípa til aðgerða. Við gerum það með því að auka fræðslu um kynlíf og mikilvægi þess að vera eldri og tilfinningalega tilbúinn þegar byrjað er að stunda kynlíf, með því að fjölga unglingamóttökum og að framhaldsskólar séu með heilsugæslu. Það gerum við með því að auka aðgengi að ódýrari hormónagetnaðarvörnum og smokkum og forvarnir gegn áfengisneyslu.

Hættum að hunsa staðreyndir – börnin okkar eiga einfaldlega betra skilið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ferðaþjónusta: Atvinnugrein eða móttökunefnd?

Ferðaþjónusta



Auður Björg Sigurjónsdóttir



Helgi Pétursson

reka jarðhitasýninguna í Hellisheiðarvirkjun

Nýlegar fréttir um að tekjur af þjónustu við erlenda ferðamenn hér á landi hafi staðið í stað undanfarin þrjú ár vekja athygli. Mörg undanfarin ár hefur það verið lenska að birta með jöfnu millibili tölur um fjölda ferðamanna og um aukinn fjölda þeirra, en minna hefur farið fyrir upplýsingum um hvaða fjármuni þeir eru að skilja eftir í íslensku efnahagslífi. Það, að tekjur af ferðamönnum skuli standa í stað þrátt fyrir mikla aukningu á fjölda þeirra sem hingað koma, hlýtur að vera mikið áhyggjuefni og er sennilega birtingarmynd af innanhússvanda í ferðaþjónustunni, það að ekki megi innheimta gjald fyrir komu og veitta þjónustu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Við getum einnig velt fyrir okkur hvort stóraukið sætaframboð lággjaldaflugfélaga hingað til lands verði til þess að hingað komi ferðamenn sem hafi minna milli handanna og spari við sig í hvívetna.

Það er skoðun okkar sem þetta ritum og reynsla að ferðamenn séu tilbúnir til þess að greiða eðlilegt gjald fyrir veitta góða þjónustu, rétt eins og við gerum sjálf á erlendri grundu og þykir sjálfsagt.

Mikill meirihluti erlendra ferðamanna sem hingað koma tilgreinir íslenska náttúru sem helsta hvata til ferðarinnar. Mikið hefur verið um það rætt undanfarin ár, hvað teljist í hugum erlendra gesta vera íslensk náttúra og hvað veki forvitni þeirra um land og þjóð. Það er okkar reynsla að vistvæn orkuvinnsla Íslendinga sé þáttur í þessari náttúruupplifun ferðamanna og að virkjanir, bæði jarðhitavirkjanir og vatnsaflsvirkjanir séu aðdráttarafl; ferðamannastaðir.

Orkusýn ehf., sem er í eigu okkar, hefur nú í eitt ár rekið jarðhitasýningu í Hellisheiðarvirkjun og tekið gjald af gestum sem þangað koma.

Í þrjú ár þar áður var gestamóttaka Hellisheiðarvirkjunar rekin sem kynningar- og fræðslumiðstöð Orkuveitu Reykjavíkur og öllum opin sem þangað vildu koma og ekki var tekið gjald af gestum. Við samdráttaraðgerðir lokaði Orkuveitan gestamóttökunni og var svo um nokkurra mánaða skeið.

Við undirrituð, sem höfðum komið að uppbyggingu kynningarrýmisins, sáum tækifæri í því að hefja rekstur á jarðhitasýningu og tókum rýmið á leigu. Vitandi um áhuga ferðamanna og ferðaþjónustufyrirtækja á að koma í heimsókn í jarðvarmavirkjun, fá þar fræðslu og leiðsögn og kynnast því hvernig Íslendingar hafa nýtt sér jarðvarma til húshitunar og raforkuframleiðslu á einstakan hátt, fannst okkur ótækt að staður sem hafði nánast fest sig í sessi sem fjölsóttur ferðamannastaður yrði aflagður.

Uppbygging á aðstöðunni var unnin í samráði við nágrannasveitarfélög og hagsmunaaðila sem flestir koma úr ferðaþjónustu. Góð aðkoma, gott aðgengi, góðar upplýsingar um starfsemina voru lykilatriði við hönnun húsnæðis og sýningarinnar í Hellisheiðarvirkjun.

Okkur var ljóst frá upphafi að aðgangseyrir að Jarðhitasýningunni var forsenda þess að hægt væri að hafa lifibrauð af starfseminni og skapa atvinnu með ráðningu starfsmanna.

Á þessu eina ári höfum við lært að ferðamönnum þykir það sjálfsagður hlutur að greiða fyrir veitta þjónustu. Það er okkur því umhugsunarefni hvað er í veginum við að innheimta gjald á þeim ferðamannastöðum sem líða fyrir hirðuleysi vegna peningaskorts. Við viljum hvetja samstarfsaðila okkar í ferðaþjónustu ásamt ríki og sveitarfélögum sem eiga hlut að máli og taka höndum saman um að innleiða sanngjarnt verð fyrir góða þjónustu.

> Fréttir um þróun ferðaþjónustunnar þurfa því að vera fréttir af auknum tekjum af ferðamönnum fyrir veitta þjónustu, ekki auknum fjölda ferðamanna. Það er einföld baunatalning.

Það er hægt að taka fjölmörg dæmi og margir tala eðlilega um Gullfoss og Geysi og Dimmuborgir og aðra slíka staði. En það er líka gaman að taka fyrirferðarmikið dæmi: Perluna.

Í Perluna koma um sex hundruð þúsund gestir á hverju ári. Við sem þetta ritum höfum komið að margskonar hugmyndavinnu um rekstur Perlunnar og þekkjum því stöðuna út í hörgul. Eðlilegur hluti þessara sex hundruð þúsunda kemur þangað á veitingastaðinn og til þess að skoða Sögusýninguna. Meginaðdráttarafl Perlunnar fyrir langstærstan hluta þessa mikla fjölda er hins vegar allt annað: Ókeypis klósett.

Það er einhver innbyggður ótti við það að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu á ferðamannastöðum, sem byggir trúlega á einhvers konar hræðslu við einangrun, að fólk muni ekki vilja koma hingað, ferðamönnum snarfækki og ferðaþjónustan lamist. Þetta er fullkomlega ástæðulaus afstaða. Íslensk ferðaþjónusta hefur öll spilin á sinni hendi. Við eigum einhverja mestu auðlind sem um getur, íslenska náttúru, síðustu auðnina í Evrópu. Það á að kosta að fá að skoða þetta einstaka fyrirbæri, en það er okkar að veita góða þjónustu í staðinn, góðar upplýsingar, fræðslu og hreinlætisaðstöðu. Stór hluti erlendra ferðamanna kann t.d. ekki að ganga örna sinna úti í náttúrunni og hefur aldrei gert. Þeir reka því eðlilega upp stór augu þegar enga slíka þjónustu er að fá og ekki einu sinni hægt að fá hana með því að greiða fyrir hana. Það leiðir af sér fjöldaheimsóknir ferðamanna á snyrtingar á veitingastöðum og gististöðum um allt land, jafnvel í kirkjum og verslunarmiðstöðvum.

Við viljum ekki að Ísland verði Mallorca Norðursins. Það er verkefni ferðaþjónustunnar að laða til landsins hæfilegan fjölda ferðamanna sem geta greitt sanngjarnt gjald fyrir góða þjónustu. Ferðaþjónustan er atvinnugrein, ekki móttökunefnd.

Nú á tímum eru miklar væntingar til ferðaþjónustunnar, þ.e. að hún verði stöndugur atvinnuvegur, sem skilar arði til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan á að geta staðið undir þeim væntingum, en þá þarf að koma til samstaða í greininni og skilningur á að það er allra hagur að vel gangi, líka hjá samkeppnisaðilanum.

Fréttir um þróun ferðaþjónustunnar þurfa því að vera fréttir af auknum tekjum af ferðamönnum fyrir veitta þjónustu, ekki auknum fjölda ferðamanna. Það er einföld baunatalning.


# GRÆDDU Á GULLI

## CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26



**AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!**
**UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.**

**Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.**

**AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:**

Þriðjudaginn **20. mars,** miðvikudaginn **21. mars** og fimmtudaginn **22. mars** frá kl. 11 til 18.

**Falinn fjársjóður?**
Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

**Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?**
Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitiling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna," segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

**Einkaviðtal við verðmat.**

**Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.**

**Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com**

# Búseta aldraðra
## - framtíðarfyrirkomulag



**FRUMMÆLENDUR:**

**Bolli Þór Bollason**, *skrifstofustjóri í velferðarráðuneyti*
**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**, *formaður Landssambands eldri borgara*
**Björn Bjarki Þorsteinsson**, *framkvæmdastjóri dvalarheimilis aldraðra Borgarnesi*
**Hrefna Sigurðardóttir**, *forstjóri hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar*
**Tryggvi Friðjónsson**, *framkvæmdastjóri Sjálfsbjörg*

**Fundarstjóri:** Þóra Arnórsdóttir, *fjölmiðlakona*
**Setning:** Gísli Páll Pálsson, *formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu*
*Að loknum framsöguerindum verða pallborðsumræður*

**Ráðstefnan verður haldin á Grand hóteli miðvikudaginn 21. mars kl. 13:30 - 16:00**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU


# Lögmaðurinn sem hrópaði „kynferðisbrot“

**Dómsmál**

**Jón Trausti Reynisson**
ritstjóri DV



Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður hefur undanfarin ár sérhæft sig í því að stefna fjölmiðlafólki. Á fimmtudag birti hann grein í Fréttablaðinu þar sem hann kvartaði undan því að DV fjallaði um tengsl Birkis Kristinssonar bankamanns og Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, við meint efnahagsbrot sem eru til rannsóknar.

Í greininni skáldaði Vilhjálmur ímyndaða ásökun á undirritaðan um kynferðisbrot og bar það saman við umfjöllun DV um yfirheyrslur sérstaks saksóknara yfir Birki og Bjarna, sem birtust í DV með fyrirsögninni „Yfirheyrður“. Sagt var frá því í DV að Birkir væri flæktur í meinta markaðsmisnotkun Glitnis. Að mati Vilhjálms er framsetning á umfjöllunum DV sambærileg við mögulega umfjöllun um undirritaðan með fyrirsögninni: „Yfirheyrðir. Ritstjórar DV flæktir í meint kynferðisbrotamál.“

Erfitt er að ímynda sér hvernig menn „flækjast“ í nauðgun eða annað kynferðisbrot án þess að fremja kynferðisbrot. Lögmaður ætti að vita vel að kynferðisleg misnotkun er allt annars eðlis en markaðsmisnotkun.

Birkir er yfirheyrður sem vitni af sérstökum saksóknara vegna þess að hann keypti 0,5% hlut í Glitni út á lán frá Glitni. Bankinn er grunaður um markaðsmisnotkun. Sterkur grunur er um stórfellda markaðsmisnotkun í íslensku bönkunum í góðærinu, með viðskiptum sem áttu sér stað með sambærilegum hætti, þar sem útlánum var breytt í eigið fé. Með þessum aðferðum var hægt að halda gengi hlutabréfanna hærra en tilefni var til. Hvernig lögmanni dettur í hug að bera þetta saman við kynferðisbrot er erfitt að skilja.

Það er vægt til orða tekið að þeir hafi „flækst“ í þessi viðskipti, þar sem ekkert bendir til annars en að þeir hafi fullviljugir tekið þátt í viðskiptunum til hagsbóta fyrir sjálfa sig, annar sem starfsmaður Glitnis og hinn sem eigandi og stjórnarmaður fyrirtækja sem hjálpuðu Milestone að bjarga Glitni með viðskiptafléttu á reikning almennings. Viðskiptagjörningar Birkis og Bjarna tengjast sannarlega meintum efnahagsbrotum sem eru til rannsóknar.

Eitt af því undarlega við grein Vilhjálms, sem er gagnrýni á DV fyrir að tengja menn við lögbrot, er að í greininni sakar Vilhjálmur undirritaðan beinlínis um lögbrot: „Með forsíðufréttinni er því dróttað að æru Birkis sem er refsiverð og skaðabótaskyld háttsemi sem DV og ritstjórar blaðsins bera ábyrgð á að lögum,“ dróttar Vilhjálmur.

Annað furðulegt í grein Vilhjálms er sú fullyrðing hans að það sé „sérstakt rannsóknarefni að DV skuli finnast tíma sínum betur varið í réttarsölum á Lækjartorgi og við Arnarhól en að segja fréttir“. Auðvitað er ósatt að okkur finnist tíma okkar vel varið í réttarsölum. Þangað hefur okkur hins vegar verið stefnt fyrir að segja fréttir. Vilhjálmur, sá sami og furðar sig á dómsmálunum, er gjarnan sá sem sækir málin gegn okkur. Hann hefur dregið DV eða blaðamenn DV átta sinnum fyrir dóm síðastliðið eitt og hálft ár, sem og bloggara og fólk sem skrifar ummæli við fréttir á vefnum.

> Sjálfsagt er að Vilhjálmur auglýsi þjónustu sína, en líklega ætti hann að borga fyrir það eins og aðrir.

Aðrar starfsstéttir búa ekki við þann veruleika að lítil mistök í starfi, eða mat dómara um að það sé saknæmt að segja frá einu eða öðru, leiði til harðra fjárhagslegra refsinga, jafnvel upp á milljónir króna þegar laun Vilhjálms eru talin með. Enginn blaðamaður vill eyða tíma og peningum í að verjast lögsóknum í réttarsal fyrir að skrifa fréttir, því það setur fjárhag hans í algert uppnám. Vilhjálmur, hins vegar, græðir þess meira eftir því sem hann nær að etja fleirum út í að lögsækja blaðamenn eða bloggara.

Grein Vilhjálms virðist snúast um að kynna þá möguleika og þá þjónustu sem hann hefur að bjóða fyrir þá sem eru til umfjöllunar í tengslum við efnahagsbrotamál í fjölmiðlum. Sjálfsagt er að Vilhjálmur auglýsi þjónustu sína, en líklega ætti hann að borga fyrir það eins og aðrir. Hann ætti að hafa efni á því: „Tek að mér að lögsækja þá sem segja fréttir af hvítflibbaglæpum.“




BYLGJAN 25 ÁRA 98,9

**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



LAGERÚTSALA **15-70%** AFSLÁTTUR



**HEFST Á MORGUN**

AÐEINS Í 5 DAGA

Casa

Skeifunni 8 • www.casa.is

# MÚRBÚÐARVERÐ á gólfefnum

## „Verðvernd“ eða GOTT VERÐ



Lon-River 60x60 cm **2.990 pr.m²**



Lon-Italia grágræn 60x60 cm **3.490 pr.m²**



Martinelli hvíttuð 3 stafa eik, olíuborin **3.590 pr.m²**



Ant-sand 30x60 cm **3.690 pr.m²**



Yek-Venice 45x45 cm **2.390 pr.m²**




Parkman Planka/Plastparket eik 1215x166x8mm

**1.890 kr. m²**




Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

**1.575 kr. m²**




Comfort line plastparket, dökk eik 1215x194x8,3 mm

**1.575 kr. m²**

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**




| Rakaþéttikvoða 7 kg | Murexin fúga **8 kg** | Flísalím Profiflex 25 kg |
|---|---|---|
| **5.590** | **2.390** | **3.150** |



Parkman plastparket # 9607
8mm planki eik

**1.890 kr.m²**



Parkman plastparket # 9603
8mm planki dökk eik

**1.890 kr.m²**



Parkman plastparket # 9606
8mm planki hvíttuð eik

**1.890 kr.m²**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GÍSLI RÚNAR**, sem á 59 ára afmæli í dag, talar um leikarastéttina.

*„Í þessa stétt sækir náttúrlega nánast eingöngu truflað fólk.“*



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Kjartan Magnússon**

andaðist 15. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. mars kl. 15.00.

**Jón Andrés Jónsson**
**Stefanía Ólöf Jónsdóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Finnbjörg A. Jónsdóttir**
Adda frá Móbergi á Húsavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 11. mars, verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 24. mars kl. 14.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á að láta Heilbrigðisstofnun Þingeyinga njóta þess.

**Erla Salómonsdóttir** — **Hjálmar Jóelsson**
**Hanna Salómonsdóttir** — **Sigurður Aðalgeirsson**
**Gunnar Salómonsson** — **Ingibjörg Steingrímsdóttir**
**Hulda Salómonsdóttir** — **Jón Olgeirsson**
**Gísli Salómonsson** — **Guðrún Magnúsdóttir**
**Ásberg Salómonsson** — **Jóhanna Jónsdóttir**
**Guðmundur Salómonsson** — **Fanney Óskarsdóttir**
**Sævar Salómonsson** — **Ágústa Ólafsdóttir**
**Erlendur Salómonsson** — **Þórdís Njálsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Ingibjörg Biering**
Bláhömrum 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 6. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**börn hinnar látnu.**



†

*Ástkær eiginmaður okkar, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Gunnar Ólafsson**
Keilufelli 28,

andaðist á Landspítalanum aðfaranótt föstudagsins 16. mars í faðmi ættingja. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Sólveig Gyða Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Freyr Magnús**
**Camila Abad Magnús**
**Leona Abad Magnús**
**Lionel Týr Abad Magnús**
**Inga María Gunnarsdóttir**
**Heiðar Birnir Torleifsson**
**Thelma María Heiðarsdóttir**
**Sara Katrín Heiðarsdóttir**
**Birnir Snær Heiðarsson**
**Gunnar Óli Gunnarsson**
**Gísli Torfi Gunnarsson**
**Sesselja Ólafsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðríður G. Benediktsdóttir**
Holtastíg 18, Bolungarvík,

lést á Landspítalanum að kvöldi föstudagsins 16. mars. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 24. mars kl. 14.00.

**Einar Hálfdánsson**
**Hálfdán Einarsson**
**Benedikt Einarsson** — **Berglind Brynjarsdóttir**
**Halldór Grétar Einarsson** — **Anna Sigríður Brynjarsdóttir**
**Anna Einarsdóttir** — **Árni J. Bjarnason,**
**Baldur Smári Einarsson** — **Harpa Arnórsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sölvi L. Guðlaugsson**
Skaftahlíð 38,

lést að Hjúkrunarheimilinu Eir 4. mars sl.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum sýnda samúð, sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun til starfsfólks á Eir.

**Edda K. Sölvadóttir** — **Örn Jóhannsson**
**Kristinn J. Sölvason** — **Somkhuan Jitthongchai**
**Björg H. Sölvadóttir** — **Sævar V. Bullock**
**tengdabörn, barnabörn og langafabörn.**



†

*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Vilborg Matthildur Ramsey**

lést að hjúkrunarheimilinu Garðvangi 6. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Viljum við koma fram kæru þakklæti til starfsfólks Garðvangs fyrir mjög góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Ingvar Jón Óskarsson** — **Sævar Kjartansson**
**Einar Guðberg Björnsson** — **Thomas W. Ramsey**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elsku sonur minn, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Skarphéðinn Örn Ársælsson**
Skipholti 50,

sem lést miðvikudaginn 14. mars, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 21. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Erla Inga Skarphéðinsdóttir** — **Helgi Valur Helgason**
**Sara Ósk Ársælsdóttir** — **Magnús Ómarsson**
**Helga Vala Helgadóttir**
**Helma Ýr Helgadóttir** — **Ólafur Erling Ólafsson**
**Skarphéðinn Guðmundsson** — **Guðbjörg Axelsdóttir**
**Erla Ársælsdóttir**
**Salka Dögg Magnúsdóttir**



**HULDA PROPPÉ** Fjallar um minningar sem tæki til að greina og skilja fortíð og nútíð á hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélags Íslands í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Minningar varpa ljósi á nútímann

Í dag fjallar Hulda Proppé mannfræðingur um mannfræði, minni og minningar sem tæki til að greina og skilja fortíð og nútíð á hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélags Íslands í fyrirlestraröðinni: Hvað eru minningar?

Hulda var um árabil búsett í New York, þar sem hún starfaði sem sérfræðingur hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar varð hún fljótt vör við að hversu mikill pólitískur þrýstingur er á hvaða upplýsingar eru settar fram opinberlega. Þessi reynsla varð meðal annars innblástur hennar við val á doktorsverkefni, þar sem hún skoðaði hvernig hugmyndir um óvini verða til og þá sérstaklega hlut valds, þekkingar og pólitíkur í því ferli. Hún rannsakaði og vann með bandarískum sérfræðingum er stunduðu rannsóknir á Sovétríkjunum á tímum kalda stríðsins. „Þessir Sovétfræðingar á tímum kalda stríðsins voru einstakur hópur. Þeir unnu náið með stjórnvöldum og jafnvel leyniþjónustunni, voru undir þeirri kröfu að halda úti hugmyndum um hlutleysi en á sama tíma komust þeir lítið sem ekkert til Sovétríkjanna til að stunda sínar rannsóknir,“ segir Hulda.

Meðan á rannsókninni stóð dvaldi Hulda í Bandaríkjunum, átti mörg samtöl við sérfræðingana, skoðaði gömul bréf og annað frá fyrri tíð er tengdist rannsóknum þeirra á Sovétríkjunum. Þannig fól rannsóknin í sér flakk á milli tíma og rýma, þar sem stuðst var við sagnfræðilegar heimildir samtímis því að gerð var rannsókn í nútímanum. „Með þessu var ég ekki að fylla upp í ákveðnar sögulegar heimildir, heldur miklu frekar að skoða þetta ferli; að muna,“ útskýrir Hulda. „Af hverju munum við eitt en ekki eitthvað annað? Hvernig koma minningar sérfræðings fram í dag, sem vann verkefni fyrir CIA árið 1964? Breytast minningar hans þegar hann horfir á athafnir sínar úr nútíðinni?“

Fyrirlestur Huldu fer fram í Þjóðminjasafni Íslands. Hann hefst klukkan 12.05 og stendur til klukkan 13.

holmfridur@frettabladid.is



†

*Maðurinn minn og faðir okkar,*

**Martin Petersen**
Sólheimum 25, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 23. mars kl. 13.00.

**Kristín Sigurðardóttir**
**Ragnar Petersen**
**Kristín Petersen**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LYGILEGT LEIKHÚS

**Ævintýri Múnkhásens verður frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu á fimmtudag. Þetta er nýtt íslenskt leikverk byggt á ótrúlegum ýkjusögum þekktasta lygara heims. Þetta er fyrsta stóra sýning Gaflaraleikhússins sem er nýtt atvinnuleikhús í Hafnarfirði.**



# ÖTULIR TÍMAVERÐIR

**ÁNÆGÐIR Í STARFI** *Þeir sem sótt hafa handboltaleiki hjá HK kannast vafalaust við vinina Sigurð Viðarsson og Þorgeir Lárus Árnason. Þeir hafa síðustu ár verið ötulir í starfi tímavarða á leikjum annars, þriðja og fjórða flokks.*

Okkar hlutverk er að sjá um að tíminn sé réttur, allt sé rétt skráð og svo að skila leikskýrslu eftir leikinn,“ segir Sigurður Viðarsson sem ásamt vini sínum, Þorgeiri Lárusi Árnasyni, hefur sinnt hlutverki tímavarðar á handboltaleikjum Handknattleiksfélags Kópavogs, HK, í nokkur ár.

„Við erum búnir að vera í þessu síðan í september 2008 þegar kona að nafni Hanna Dóra Stefánsdóttir bað okkur um að aðstoða við heimaleikina hjá yngri flokkunum,“ segir Siggi og Þorgeir kinkar kolli. „Hún ýtti okkur út í þetta og við höfum verið háðir þessu síðan,“ segir hann glettinn.

Leikirnir sem þeir félagar hafa setið eru orðnir æði margir. „Þetta eru stundum sex leikir um helgi en ég taldi saman að þetta hefðu verið um 56 leikir bara á síðasta tímabili,“ segir Sigurður en umsvif tímavarðanna hefur aukist jafnt og þétt. Við erum núna með alla leiki hjá 3. og 4. flokki og stundum erum við tímaverðir í 2. flokki.“

Þeir hljóta þá að hafa gaman af handbolta? „Já, þetta er mjög skemmtilegt sport,“ segir Sigurður. Þorgeir bætir við: „Ég var að æfa handbolta í fimm ár og held að ég hafi smitað hann aðeins,“ segir Þorgeir og brosir til Sigurðar en þeir hafa verið góðir vinir frá því í tíunda bekk.

Þeir eru ánægðir með starfið sitt. „Þetta dregur mann út úr húsi og svo höfum við líka kynnst fullt af fólki,“ segir Sigurður en vinirnir sækja einnig marga útileiki HK. ■ **sg**

**HAFA GAMAN AF** Handboltinn er helsta áhugamál þeirra Þorgeirs og Sigurðar. MYND/VALLI


**SUNDBOLIRNIR KOMNIR**



teg NAIROBI - ROSALEGA flott snið í D,DD, E,F,FF,G,GG skálum á kr. 16.850,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg



**Íþróttabrjóstahaldarar**
Anita care
**Verð: 9.950 kr.**

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi

**Vatteraðir jakkar kr. 14.500.-**





Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lau. 11–14



BYLGJAN 25 ÁRA 989
**Heimir & Kolla vakna með þér í bítið**
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

**Rísmjólk úr hágæða ítölskum lífrænum hýðishrísgrjónum**

**Isola Bio** rísmjólkin er einstaklega bragðgóð og hentar vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og að sjálfsögðu ein og sér, **ísköld!**

**10% afsláttur**



Hrein, kalk og vanilla

Kókos og möndlu

Rísrjómi

Fernur - góðar í nestisboxið!

LIFANDI MARKAÐUR

www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700









NORDICPHOTOS/GETTY

# KORTLEGGJA FRAMLAG GENA TIL SJÚKDÓMA

**VILMUNDUR GUÐNASON OG RANNSÓKNARTEYMI HANS HJÁ HJARTAVERND ERU ÞÁTTTAKENDUR Í ALÞJÓÐLEGUM RANNSÓKNUM Á ORSÖKUM LANGVINNRA SJÚKDÓMA SEM FYLGJA LENGRI LÍFALDRI.**

Fyrir nokkrum árum tókum við hjá Hjartavernd, í tengslum við öldrunarrannsóknina okkar, þátt í að stofna alþjóðlegan vinnuhóp þar sem fram fara umfangsmiklar rannsóknir. Ástæðan var sú að menn áttuðu sig á því að einir og sér getum við lítið gert en ef við leggjum öll saman krafta okkar og upplýsingar þá getum við svarað spurningum sem annars væri ekki hægt að svara,“ segir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Háskóla Íslands.

Þessi samvinna hefur leitt af sér fjölmargar uppgötvanir varðandi langvinna sjúkdóma. Meðal annars hafa fundist sextán ný genasvæði í erfðamengi mannsins sem tengjast öndunarvegum og starfsemi lungna og mun sú uppgötvun væntanlega leiða til aukinna möguleika á fyrirbyggjandi læknismeðferð við langvinnri lungnateppu og fleiri sjúkdómum í öndunarfærum.

Vilmundur segir rannsóknirnar þó mun víðtækari en það. „Við erum í raun og veru að kortleggja öll líffærakerfi einstaklinga með mjög ítarlegum rannsóknum og einnig tökum við þátt í því að kortleggja framlag gena til hinna ýmsu líffærakerfa og sjúkdóma,“ segir hann. „Síðan erum við að tengja þessa hluti saman til að reyna að fá heildstæðan skilning á því hvað það er sem ákvarðar hvað verður um okkur. Sérstaklega í ljósi þess að með lengri lífaldri þá eru meiri líkur á því að þessir krónísku langvinnu sjúkdómar setjist að. Við viljum skilja með hvaða hætti þeir verða til og þróast og hugmyndin er auðvitað sú að reyna að finna leiðir til þess að seinka þróun þeirra og helst að koma í veg fyrir þau áföll sem þeim fylgja.“

Vilmundur segir Íslendinga vera mjög framarlega í því að taka þátt í að stofna slíka alþjóðlega vinnuhópa bæði hvað varði erfðafræði og hefðbundna faraldsfræði. „Þar erum við með hundruð rannsókna og milljónir einstaklinga undir. Hver rannsókn væri vonlaus fyrir hverja þjóð fyrir sig en með samvinnunni opnast ótal möguleikar til þess að skilja sjúkdómaferli.“

Allar rannsóknirnar hérlendis eru undir hatti Hjartaverndar og segir Vilmundur vera komna hefð fyrir því að Hjartavernd stundi víðtækar rannsóknir alveg síðan 1967 og þá aðallega á hjarta- og æðasjúkdómum. „Og nú erum við komin á það stig að búa yfir upplýsingum sem nýtast til að svara spurningum um aðra króníska sjúkdóma sem fylgja því að eldast. Líkaminn er ekki gerður til þess að verða hundrað ára gamall en það er til mikils að vinna að koma í veg fyrir áföll sem fylgja sjúkdómum og seinka sjúkdómunum sjálfum. Þetta snýst um að auka lífsgæðin með því að lifa heilbrigðara lífi. Maður uppsker á endanum eins og maður sáir.“

■ fsb



**FORSTÖÐULÆKNIR** Vilmundur Guðnason veitir rannsóknarteymi Hjartaverndar forstöðu auk þess að vera prófessor við Háskóla Íslands. MYND/VALLI

**„Nú erum við komin á það stig að búa yfir upplýsingum sem nýtast til að svara spurningum um aðra krónísku sjúkdóma sem fylgja því að eldast.“**







## HREYFING BÆTIR HEILSU OG GEÐ

**Allir þurfa að hreyfa sig, jafnt börn sem fullorðnir. Börn á aldrinum 5-11 ára og unglingar 12-17 ára þurfa að hreyfa sig minnst eina klukkustund á dag fyrir almennt heilbrigði.**



■ **HEILBRIGÐI** Mælt er með því að börn og unglingar séu ekki lengur en tvo tíma á dag fyrir framan sjónvarp eða tölvu.

Fólk á aldrinum 18-64 þarf að hreyfa sig í um það bil 150 mínútur á viku. Líkamsrækt til að styrkja vöðva og bein ætti að stunda tvisvar í viku. Þeir sem þurfa að létta sig ættu að hreyfa sig í 300 mínútur á viku.

65 ára og eldri þurfa að hreyfa sig ekki síður en þeir yngri og leggja sérstaka rækt við jafnvægisæfingar.

Öll hreyfing hjálpar, jafnvel tíu mínútna ganga á dag gerir fólki gott, 20 mínútur eru enn betri.

Lítil atriði geta hjálpað við hreyfingu eins og að leggja bílnum í meiri fjarlægð frá heimili eða vinnu. Reiðhjólið ætti að nota meira en bílinn, það styrkir líkamann að hjóla og sparar bensín.

Þeir sem sitja við skrifborð allan daginn eru hvattir til að ganga stiga í stað þess að taka lyftuna. Einnig er gott að fara í göngutúr í matar- og kaffihléum.

Garðyrkja er góð hreyfing og þeir sem eiga hund fá hreyfingu með því að viðra hann. Dans er sömuleiðis góð hreyfing, eins og zumba. Þeir sem vilja vera í góðum félagsskap ættu að fá nokkra vini til að ganga saman, stunda badminton eða golf. Gott er að sameina áhugamál og hreyfingu.

# GÆÐAVOTTUN

ÞRIÐJUDAGUR **20. MARS 2012**

**Kynningarblað** Hagkvæmni, nýjungar, áreiðanleiki og metnaður.



NORDICPHOTOS/GETTY

# Vöndum til verka

**Arkitektastofan Yrki hefur getið sér góðan orðstír fyrir vönduð vinnubrögð. Fyrirtækið er það fyrsta á sínu sviði sem hér fékk gæðakerfi vottað samkvæmt alþjóðlegum staðli.**

Okkar stefna gengur út á að skapa verk sem bera vott um vandaða byggingarlist og hönnun. Við setjum þannig faglegan metnað og gæði þjónustu í fyrirrúmi þar sem við viljum að viðskiptavinir og notendur séu ánægðir með okkar störf og fyrirtækið sé þekkt af áreiðanleika í kostnaði, markmiðum og áætlunum.“

Þannig lýsir Sólveig Berg stefnu arkitektastofunnar Yrki sem hún stofnaði ásamt Ásdísi Helgu Ágústsdóttur árið 1997 í kjölfar sigurs í samkeppni um hönnun á Lækningaminjasafni á Seltjarnarnesi sama ár. Stofan sérhæfir sig í hönnun bygginga, húsgagna og innréttinga og er sú fyrsta á Íslandi sem fékk vottun á gæðakerfi sem er byggt upp samkvæmt alþjóðlega ISO-9001 gæðastaðlinum.

„Gæðakerfið hefur haft mjög mikið að segja í allri okkar vinnu og innra skipulagi. Vottunin er auðvitað ákveðin trygging fyrir gæðum og á að fyrirbyggja að hugsanleg mistök geti komið upp,“ útskýrir Sólveig og segir fleiri fyrirtæki hafa fetað í fótspor Yrkis síðan það hlaut vottun árið 2008, enda þurfi fyrirtæki á þessu sviði nú að verða sér úti um vottunina innan ákveðins tímaramma samkvæmt lögum. „Áður verða þau að uppfylla strangar gæðakröfur.“



Þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara í Mörkinni.



Ofan á þaki Lækningaminjasafnsins. Byggingin er fokheld.

Segja má að verkefni Yrkis endurspegli vel þá gæðastefnu sem stofan heldur úti. Til marks um það sigraði fyrirtækið í samkeppni um hönnun á hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðum fyrir aldraða í Mörkinni 2003 sem hefur vakið athygli fyrir vönduð efnistök. Stofan hefur líka unnið til verðlauna á sviði byggingalistar og hlotið fjölda tilnefninga, þar á meðal til Menningarverðlauna DV í þrígang.

Frá stofnun hefur fyrirtækið stækkað og þróast og náð að festa sig í sessi sem ein af virtari arkitektastofum landsins. Fram undan eru ýmis spennandi verkefni. „Á döfinni eru meðal annars skemmtileg verk fyrir fyrirtæki og stofnanir sem lúta að endurskipulagi innanhúss,“ segir Sólveig. „Svo ætlum við að taka þátt í nokkrum arkitektasamkeppnum meðfram öðru og lítum á slíka þátttöku sem þátt í viðhaldi á þeim faglega metnaði sem er ein undirstaða okkar verka.“

Sólveig bendir að hægt sé að afla sér frekari upplýsingar um Yrki á heimasíðu fyrirtækisins, slóðin er www.yrki.is. Upplýsingar eru einnig veittar í síma 552 6629.

# Mikil ánægja með gæðavottað skólastarf

**Menntaskólinn í Kópavogi hefur haft vottað gæðakerfi, ISO 9001, frá árinu 2008. Í skólanum er lögð áhersla á þekkingu, þroska og þróun í allri starfsemi með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.**

Garðar Vilhjálmsson, gæðastjóri hjá Menntaskólanum í Kópavogi, segir að gæðavottunin styrki stoðkerfi kennara og gefi þeim aukið svigrúm til að einbeita sér að kennslunni sem slíkri. „Við erum til dæmis með stöðluð form fyrir kennsluáætlanir sem kennari fyllir út en um leið eru allir nemendur með sama form á kennsluáætlun óháð því í hvaða áfanga þeir eru. Gæðakerfið setur þannig ramma um allt starf kennarans en segir þó aldrei fyrir um hvernig kennslu skuli háttað. Þar sem gæðakerfinu sleppir tekur hið faglega sjálfstæði hvers kennara við,“ útskýrir Garðar.



Margrét Friðriksdóttir skólameistari og Garðar Vilhjálmsson gæðastjóri Menntaskólans í Kópavogi. MYND/GVA

### Stöðug vöktun

Hann greinir frá því að gæðakerfið geri ráð fyrir stöðugri rýni og umbótum í starfi kennarans. „Þannig rýna kennarar í framgang í öllum sínum áföngum á miðri önn og skila svokallaðri miðannarskýrslu til fagstjóra og gæðastjóra sem gerir þeim mögulegt að koma með tillögur að umbótum ef stefnir í einhver frábrigði frá upphaflegu skipulagi. Í lok annar gera kennarar og fagstjórar síðan upp sinn áfanga og skila skýrslu þar um.“

Garðar segir að vottað gæðakerfi geri ráð fyrir stöðugri vöktun á starfi skólans með reglulegum könnunum meðal nemenda á kennslunni, svokölluðu áfangamati, sem nemendur gera í rafrænu kennsluumhverfi skólans. „Þá eru reglulegar þjónustukannanir sem rýna í stoðkerfi skólans svo sem störf námsráðgjafa, aðstoð á bókasafni eða þjónustu í mötuneyti. Þær upplýsingar sem fást við þess háttar vöktun eru nýttar til umbóta og frekari framþróunar í öllu starfi skólans,“ segir Garðar.

### Lifandi kerfi

„Á hverri námsönn er gert svokallað innra mat á verklagsferlum skólans og skoðað hvort þeir henti með tilliti til þeirra markmiða sem skólinn setur sér hverju sinni. Þetta innra mat kallar oft á breytta verkferla eða umbætur í framkvæmd á viðeigandi sviðum. Þannig má segja að gæðakerfið sé lifandi kerfi með stöðugum umbótum,“ segir Garðar enn fremur.

„Það er almenn ánægja með þetta kerfi innan skólans. Það veitir ákveðið öryggi og festu í öllu starfi og gerir kennurum auðveldara að einbeita sér að því sem virkilega skiptir máli, kennslu og uppfræðslu nemenda.“



Umhverfismerkin setja flestir í samband við hreina óspillta náttúru og afurðir án gerviefna.

# Svanurinn, Blómið og ISO-staðallinn

**Af þeim gæðavottunarmerkjum sem við þekkjum er Svanurinn líklega þekktastur hérlendis. Önnur merki hafa þó rutt sér til rúms og má þar til dæmis nefna Blómið, opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins.**

Svanurinn, Norræna umhverfismerkið, er opinbert umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Merkið hefur skapað sér ótvírætt an sess sem mikilvægasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum. Vottun hverrar vöru gildir að hámarki til þriggja ára. Við endurnýjun vottunar þarf að uppfylla auknar kröfur því þær eru í sífelldri þróun. Kröfurnar eru gerðar í samráði við yfirvöld, iðnaðinn, verslun og umhverfissamtök. Kröfurnar taka til alls lífsferils vörunnar/þjónustunnar, frá framleiðslu til úrgangs. Svanurinn tekur nú til um 70 vöruflokka allt frá uppþvottalegi til húsgagna og hótela.

Blómið er opinbert umhverfismerki Evrópubandalagsins. Blómið gefur neytendum, opinberum jafnt sem innkaupaaðilum einkafyrirtækja í Evrópu, færi á að kaupa sannanlega visthæfar vörur. Þó að við Íslendingar séum ekki aðilar að bandalaginu eigum við kost á að taka þátt í samstarfinu um ESB-Blómið og stuðla þannig að sjálfbærri þróun. Umhverfismerkið Blómið var sett á laggirnar árið 1992. Í dag fást yfir 566 vörutegundir merktar Blóminu á evrópska efnahagssvæðinu. Um er að ræða vörur innan 28 vöruflokka eins og til dæmis tölvur, jarðvegsbæti, málningu og lakk, textílefni, ljósaperur og skó.

Blómið er opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins.

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar.

Allt ofangreint er í samræmi við ISO-staðalinn 14026 sem tilgreinir hvað þarf að einkenna áreiðanleg umhverfismerki. ISO-staðall er staðall sem staðfestur hefur verið af Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO. Það þýðir með öðrum orðum að staðallinn er alþjóðlegur. Gerð ISO-staðla byggist á því að hagsmunaaðilar komi sér saman um hvað sé hæfilegt, eðlilegt, góðar starfsvenjur og í takt við tímann. Ákveðnar reglur eru viðhafðar um samningu og samþykkt staðla, sem og þátttöku við gerð þeirra.

### SKRÁARGATIÐ GEGN OFFITU

**Alþingi samþykkti** í síðasta mánuði að heimila notkun hollustumerkisins Skráargatsins hér á landi. Til að hægt sé að merkja matvöru með Skráargatinu þarf hún að uppfylla ákveðnar kröfur um magn salts, sykurs, fitu, mettaðrar fitu og trefja. Svíar tóku upp Skráargatið árið 1989 og Danir og Norðmenn árið 2008. Reynslan á Norðurlöndum sýnir að neytendur þekkja merkið og treysta því. Stjórnvöld flestra norrænna landa telja brýnt að vinna gegn offitu og lífsstíls- og velmegunarsjúkdómum sem tengjast henni. Siv Friðleifsdóttir alþingismaður lagði fram á síðasta ári þingsályktunartillögu ásamt fleiri þingmönnum um norræna hollustumerkið Skráargatið sem auðveldar fólki að velja holl matvæli.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is, s. 512 5429. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Gæðamálin í öndvegi hjá N1

**N1 leggur ríka áherslu á gæða-, umhverfis- og öryggismál í starfsemi sinni. Rætt var við Ásdísi Björgu Jónsdóttur, gæðastjóra N1.**

### Segðu okkur aðeins frá starfinu þínu

Starfið mitt er mjög fjölbreytt en í grófum dráttum þá felst það í að innleiða og viðhalda gæðastöðlum hjá fyrirtækinu.

### Eru þið með marga gæðastaðla hjá fyrirtækinu?

Við höfum innleitt og staðist Michelin gæðastaðal á öllum hjólbarðaverkstæðum okkar en hægt er að lesa meira um hann á heimasíðu n1, www.n1.is. Sem dreifingaraðilar Exxon Mobil verðum við að uppfylla strangar gæðakröfur þeirra. Síðast en ekki síst eru tvær starfsstöðvar á Bíldshöfða 2 vottaðar samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 og fjórar aðrar þjónustustöðvar á síðustu skrefum innleiðingar. Það eru þjónustustöðvar N1 við Hringbraut, í Borgartúni og í Fossvogi í Reykjavík og við Háholt í Mosfellsbæ.

### Hvað er umhverfisstjórnunarstaðall?

ISO 14001 er alþjóðlegur umhverfisstjórnunarstaðall sem leggur áherslu á að reka skilvirkt umhverfisstjórnunarkerfi, stuðla að umhverfisvernd og mengunarvörnum með skýrum hætti. Umhverfismálin eru stærsta viðfangsefni þessarar aldar. N1 leggur mikla áherslu á að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar, stuðla að þróun annarra orkugjafa, vera öruggur vinnustaður og fræða starfsfólk okkar. Ein besta og skilvirkasta leiðin til þess að sýna í verki að N1 er með markvissum hætti að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi þess er að innleiða á starfsstöðvum okkar umhverfisstjórnunarstaðal sem tekinn er út af óháðum aðila.

### Hvaða áhrif hefur vottunin á aðra þætti starfseminnar?

Þó svo að við séum ekki búin að innleiða ISO 14001 á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins þá hafa samlegðaráhrif af innleiðingu á vottuðum starfsstöðvum haft víðtæk áhrif á starfsemi allra starfsstöðva N1 til hins betra, sérstaklega þegar litið er til öryggis-, umhverfis- og fræðslumála. Einnig hefur vottunin haft áhrif á vöruþróun og birgjaval.

### Hvað hefur N1 verið að gera fleira í umhverfismálum?

Við vorum allt fram til áramóta 2012 hluti af eigendahóp Metan hf., einnig höfum við verið í þróunarverkefni með Siglingamálastofnun um ræktun og notkun repjuolíu á skip. Við höfum tekið þátt í að styrkja ráðstefnur tengdar umhverfisvænni orkugjöfum undir yfirskriftinni Driving Sustainability svo eitthvað sé nefnt.

### Hvað er skemmtilegast í starfinu?

Fjölbreytileikinn og samskipti við fólk. Gæðamál snerta flestalla fleti starfseminnar og það eru fáir starfsmenn eða hlutar starfseminnar sem ég á ekki bein eða óbein samskipti við. Í innleiðingar- og viðhaldsferlum gæðakerfa eru fáir steinar sem ekki þarf að velta og rýna í.

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI OG ÞJÓNUSTUSTÖÐ BÍLDSHÖFÐA 2
N1



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ásdís segir N1 leggja mikla áherslu á að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.


HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1 ERU ÞAU FYRSTU Á ÍSLANDI TIL AÐ HLJÓTA GÆÐAVOTTUN MICHELIN

MICHELIN VOTTUN TRYGGIR AÐ SÖLUSTAÐUR UPPFYLLIR STRÖNGUSTU GÆÐAKRÖFUR SEM MICHELIN GERIR UM MEÐHÖNDLUN, ÞJÓNUSTU OG SAMSKIPTI VIÐ SÖLU OG MEÐFERÐ Á VÖRU SINNI.

MICHELIN Quality Dealer 2012

Michelin vottun er þín trygging fyrir því að:

- Verkferlar sem unnið er eftir eru sniðnir að þeim tæknilegu kröfum sem nauðsynlegar eru við sölu og meðhöndlun á hjólbörðum.
- Vinnusvæðið uppfyllir nauðsynleg skilyrði til að veita þér ávallt faglega þjónustu og tryggja öryggi þitt og þægindi.
- Viðeigandi búnaður og verkfæri eru notuð til að taka af, setja á og gera við hjólbarða.
- Starfsfólk bregst vel við ábendingum og spurningum sem kunna að koma upp.
- Gagnsæi um verk og kostnað er tryggt með notkun útfylltra vinnuseðla.
- Verkstæði er haldið í besta mögulega ástandi.
- Starfsfólk hlýtur stöðuga þjálfun og endurmenntun til að annast farartækið þitt af fullkominni fagmennsku.

BÍLDSHÖFÐI 2 - REYKJAVÍK | ÆGISÍÐU 102 - REYKJAVÍK | REYKJAVÍKURVEGI 54-56 - HAFNARFIRÐI
LANGITANGI 1A - MOSFELLSBÆ | FELLSMÚLI 24 - REYKJAVÍK | RÉTTARHÁLSI 2 - REYKJAVÍK
GRÆNÁSBRAUT 552 - REYKJANESBÆ | DALBRAUT 14 - AKRANESI

N1 Meira í leiðinni

# Vottunin verkefni starfsmanna

**SORPA er fyrsta fyrirtækið á Íslandi á sviði úrgangsstjórnunar til að hljóta ISO 9001 vottun. Vinnan við að fá vottunina skilaði margvíslegum árangri, hreinsaði til í ferlum og gerði kerfi SORPU einsleitara, gagnsærra og skilvirkara. Allir starfsmenn fyrirtækisins tóku virkan þátt í starfinu.**

Við höfum verið með virkt gæðastjórnunarkerfi í nokkuð mörg ár en árið 2008 tókum við þá ákvörðun að fá fyrirtækið vottað," segir Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir, gæðastjóri SORPU en fyrirtækið hlaut á síðasta ári gæðavottun á sviði úrgangsstjórnunar samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli.

Meginástæða þessarar ákvörðunar var sú, að sögn Rögnu, að stjórnendur SORPU vildu bregðast við auknum kröfum um rekjanleika úrgangs og gera ferla innan fyrirtækisins virkari og gagnsærri. „Fjölþættar kröfur gilda um starf SORPU og regluverkið er flókið og í stöðugri þróun, meðal annars vegna evrópskrar samvinnu," útskýrir Ragna en fyrsta skrefið í átt að vottun var að SORPA hóf samstarf við ráðgjafafyrirtækið 7.is ehf. sem sérhæfir sig í ráðgjöf við innleiðingu stjórnunarkerfa.

„Við stefndum í fyrstu að því að fá vottun á móttökustöðina í Gufunesi og urðunarstaðnum í Álfsnesi," upplýsir Ragna en fljótlega eftir að vinna fór af stað gerðu menn sér grein fyrir ávinningnum af því að láta votta fyrirtækið í heild sinni. „Við enduðum því á að fara í vottun á öllum starfsstöðvum SORPU; Góða hirðinum, móttöku- og flokkunarstöð, endurvinnslustöðvum og urðunarstað. Vottunina fengum við



Ingibjörg Eðvaldsdóttir, gæða- og öryggisfulltrúi, og Ragna I. Halldórsdóttir gæðastjóri telja að vottunin staðfesti fagleg og öguð vinnubrögð SORPU. MYND/GVA

svo afhenta á tuttugu ára afmæli SORPU í maí í fyrra."

### Starfsmenn í stóru hlutverki

Ragna segir mikla vinnu liggja að baki vottuninni. Þá hafi verið stefna yfirmanna fyrirtækisins að virkja alla starfsmennina í þetta starf. „Gæðakerfið sem við höfðum verið með áður var ekki nógu virkt því allar handbækur voru á pappírsformi á stöðvunum og mikil og flókin vinna að fylgja því eftir. Því var farið út í að setja upp rafrænt handbókarkerfi sem starfsmenn hefðu aðgang að. Þar geta þeir flett í tölvu upp á stefnuskjölum, verklagsreglum, þjónustuferlum, leiðbeiningum og eyðublöðum. Þar er einnig að finna hlutverkalýsingar fyrir öll störf í fyrirtækinu," lýsir Ragna en mikil vinna var lögð í undirbúning og haldnir fundir með stjórnendum, millistjórnendum og ekki síst starfsmönnum sem veittu sinni þekkingu inn í verkefnið.

„Vinnan í þessu gæðastarfi hafði margar jákvæðar afleiðingar. Hún hreinsaði til í ferlunum hjá okkur og gerði kerfið okkar einsleitara, gagnsærra og skilvirkara," segir Ragna og bætir við að vinnan hafi einnig hjálpað til við að mæta þeim mörgu kröfum sem eru gerðar til Sorpu, til dæmis um rekjanleika úrgangs.

### Staðfesting á góðu starfi

„Við lítum svo á að vottunin staðfesti að hér séu fagleg og öguð vinnubrögð þar sem allur starfsmannahópurinn er þátttakandi," segir Ragna en hún telur langflesta starfsmenn hafa áttað sig mjög fljótlega á hagræðingunni á því að hafa aðgang að öllum upplýsingum á einum stað. Þá hafi ramminn í starfi starfsmannsins einnig orðið skýrari og menn orðið öruggari í sinni vinnu.

Sorpa lætur þó ekki staðar numið nú og stefnir á enn frekari vottanir. „Við stefnum að því að fá vottun skv. ISO 14001 sem er umhverfisstaðall þar sem tekið er stífar á umhverfisþáttum, til dæmis hvað varðar efnanotkun og mengandi þætti. Í raun höfum við verið að vinna að því verkefni í tuttugu ár en gerum ráð fyrir að ná takmarki um vottun í byrjun næsta árs."

# Væntingar viðskiptavina uppfylltar

**Almenna verkfræðistofan hf. er nútímalegt alhliða þekkingarfyrirtæki þar sem þarfir viðskiptavina, gæði og hagkvæmni eru höfð að leiðarljósi. Stofan byggir á áratuga reynslu af ráðgjafastarfsemi og verkefnastjórnun og hefur á að skipa reyndum sérfræðingum á hverju sviði. Markvisst er unnið að því að innleiða nýjungar í tækni, aðferðum og hugmyndafræði.**

Almenna verkfræðistofan hefur verið rekin samkvæmt vottuðu gæðakerfi frá árinu 2005. Starfsemin var þá vottuð samkvæmt ISO 9001 staðlinum og tveim árum síðar var tekið upp umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 staðli. Það má segja að kröfur staðalsins snerti alla helstu þætti sem vel rekin fyrirtæki þurfa að huga að og vakta, rauði þráðurinn er að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina.

Nú er það ekki svo að ferlar eða stjórnun hafi fyrst borist í tal 2005. Á 40 ára ferli stofunnar hafa alltaf verið til vinnureglur sem tóku mið af kröfum hvers tíma. Menn hafa alltaf gert það sem þurfti til að tryggja að þjónustan uppfyllti ströngustu kröfur um gæði. En í seinni tíð hafa orðið til staðlar og samræmandi reglur um stjórnun af þessu tagi og stjórnendur Almennu ákváðu að laga starfsemina að slíkum gæðastaðli og fá hana vottaða.

### Af hverju gæðastjórnun?

Gildi stofunnar eru þekking, metnaður og áreiðanleiki. Þau innihalda loforð um þjónustu sem á að uppfylla væntingar viðskiptavina. Með reglum um verklag er kerfisbundið komið í veg fyrir mistök. Þetta er til dæmis gert með reglum um rýni og gæðaeftirlit á fyrirfram ákveðnum tímapunktum í vinnuferlinu. Fyrirliggjandi er safn reglna og leiðbeininga sem mynda grunninn að gæðakerfi stofunnar.

Kröfur um gæðaeftirlit eru miklar á þeim sviðum sem stofan starfar á og kröfurnar fara vaxandi. Margir viðskiptavinir gera orðið beina kröfu um gæðastjórnun og jafnvel vottun. Stofan tekur til dæmis þátt í útboðum innanlands sem utan þar sem oftar en ekki er gerð krafa um að vottað kerfi sé til staðar.

Síðustu ár hefur stór hluti verkefna stofunnar komið erlendis frá og þá einkum frá Noregi. Það er reynsla okkar starfsmanna að þar séu jafnvel enn meiri kröfur gerðar um gæðastjórnun en við eigum að venjast. Gæðastjórnunarkerfi stofunnar þurfti til dæmis að standast ákveðna skoðun hjá norskum byggingaryfirvöldum til að fá að leyfi til starfa á þeim markaði. Viðteknar vinnureglur þar ytra sem reynast vel hafa í kjölfarið verið innleiddar í starfsemina okkar hér á landi.

### Hvers vegna vottun?

Í sjálfu sér er það ekki vottunin sem tryggir gæðin. Áhuginn og markmiðin þurfa að vera til staðar og víða eru rekin úrvals gæðakerfi án vottunar. Okkar reynsla er hins vegar sú að vottunin setji starfið í farveg og skerpi áherslur. Það er umtalsverð skuldbinding fólgin í gæðastjórnun og staðfestingin sem felst í vottun er því kærkomin og nýtist m.a. við kynningu og sölu á þjónustunni.

Gæðastjórnun útheimtir vinnu og gagnrýnisraddir segja þetta auka skriffinnsku og flækjustig. Það er hins vegar mat stjórnenda að sú vinna borgi sig. Hún skili sér í betri afurðum. Almenna selur þekkingu og leysir flókin viðfangsefni fyrir viðskiptavini. Mistök geta verið afdrifarík. Það er kostnaðarsamt að missa viðskiptavin vegna þess að hann er ekki ánægður með þjónustuna. Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá að viðskiptavinir koma frekar til fyrirtækis sem stendur sig vel og er þekkt fyrir vönduð vinnubrögð.

### Árangur?

Gæðastjórnun er langtímaviðfangsefni en ekki skyndilausn og hún kostar og krefst mikils af starfsmönnum. Ef vel tekst til verður hún skilvirkari og betri stjórnun verður á þeim viðfangsefnum sem stjórn-



Haukur Þór Haraldsson er gæðastjóri Almennu verkfræðistofunnar. MYND/ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN

endur og starfsmenn fást við frá degi til dags. Flækjustig minnkar og rekstur verður markvissari með betra skipulagi. Vinnuferlar eru skilgreindir í upphafi, síðan er vaktað að unnið sé eftir þeim og að þarfir og væntingar viðskiptavinarins séu uppfylltar innan þessa ramma sem ákveðinn hefur verið um tíma og kostnað. Það er auðvelt að halda utan um þann kostnað sem fellur til við innleiðingu og rekstur á gæðakerfi, en það er erfiðara að mæla hvaða tekjum það skilar. Við teljum að með gæðastjórnun séum við að bæta samkeppnishæfni, gera vinnubrögðin agaðri og auka hagnað. Við lítum á staðalinn sem stjórntæki til þess að ná sem bestum gæðum fyrir þjónustuna.

Það þarf hvorki að vera flókið né kostnaðarsamt að koma á gæðastjórnun hjá fyrirtæki sem er tilbúið að fylgja og innleiða kröfur um skipulag og gæði. Fyrst og fremst þurfa stjórnendur og starfsmenn að vilja og vera staðráðnir í að veita viðskiptavinum góða þjónustu.

ÍST ISO 9001 ÍST ISO 14001
ÞEKKING - METNAÐUR - ÁREIÐANLEIKI
Almenna verkfræðistofan

# KRAFTMIKIÐ KAMELLJÓN

**Jane Fonda varð ímynd hreystis á 9. áratugnum.**



**JANE FONDA** Leikkonunni Jane Fonda er óhætt að líkja við kamelljón enda hefur hún á löngum og farsælum ferli sýnt á sér ýmsar ólíkar hliðar. Undir lok áttunda áratugarins fór Fonda til dæmis að stunda líkamsrækt af kappi og varð ímynd heilbrigðs lífernis eftir að hún fór að gefa út myndbönd með heimaæfingum fyrir konur. Hið fyrsta, Jane Fonda's Workout, kom út árið 1982 og seldist í milljónum eintaka. Sjálf segist Fonda hafa með aðstoð líkamsæfinga náð tökum á átröskunarvanda sem hún glímdi við.

# 5 GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ DREKKA VATN

1. **Vatnsdrykkja** minnkar stress. Með því að súpa á vatni reglulega yfir daginn dregur úr streitukenndum einkennum á borð við höfuðverk, vöðvastífni og orkuleysi. Vökvaþurrð eykur á þessi einkenni.
2. **Vatnsdrykkja** hjálpar fólki að léttast. Rannsókn frá 2010 sýndi fram á að fullorðnir einstaklingar sem drukku visst magn af vatni fyrir máltíð léttust meira á 12 vikum en samanburðarhópur sem borðaði svipaðan mat en drakk ekki fyrir máltíðir.
3. **Vatnsdrykkja** minnkar líkur á veikindum. Slímhimnur líkamans virka betur þegar líkaminn fær nægan vökva. Þessar himnur verja fólk fyrir ýmsum bakteríum. Talið er mjög mikilvægt að drekka vel á ferðalögum, sérstaklega í flugvélum þar sem loftið er þurrt.
4. **Vatnsdrykkja** eykur þægindin. Innri hitastillir líkamans virkar betur þegar hann er vel vökvaður. Það að drekka vatn heldur á þér hita í kulda og kælir þig í heitu veðri.
5. **Vatnsdrykkja** heldur blóðþrýstingi stöðugum. Rannsókn frá 2010 sýndi að þegar blóðgjöfum var gefið vatn að drekka fyrir blóðgjöf fækkaði tilvikum um yfirlið um 20 prósent.



# ÓNÆMI BAKTERÍA MIKIÐ ÁHYGGJUEFNI

Yfirmaður Alþjóða-heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, telur að ónæmi baktería fyrir sýklalyfjum geti gerbreytt nútíma-læknisfræði. Dr. Margaret Chan greindi frá þessum áhyggjum sínum á ráðstefnu sérfræðinga í smitsjúkdómum sem haldin var í Kaupmannahöfn nýlega. Þar sagði hún að brátt tæki við nýtt tímabil í lækningum þar sem mun erfiðara yrði að ráða við einfaldar sýkingar.

Ónæmi baktería og sýkla fyrir sýklalyfjum hefur aukist bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum. Nú þegar eru slíkar bakteríur farnar að valda vandræðum en Dr. Chan telur að vandinn muni einungis eiga eftir að aukast. Með tímanum geti öll hefðbundin sýklalyf orðið gagnslaus og þannig gert áður einfaldar aðgerðir ógerlegar. Meðal þeirra lyfja sem hún telur að geti orðið gagnslaus eru lyf sem þróuð hafa verið til að meðhöndla berkla, malaríu, sýkingar og alnæmi. Jafnvel einfaldir skurðir á hné geti orðið banvænir.



Dr. Chan telur að ný lyf geti orðið mun dýrari og að lengri tíma og jafnvel sjúkrahúsvist þurfi til að meðhöndla einföld veikindi. Þessi hörðu ummæli Dr. Chang koma í kjölfarið á útgáfu nýrrar bókar á vegum WHO þar sem varað er við heimskrísu vegna ónæmra baktería. Bókin kallast „The evolving threat of antimicrobial resistance". Í bókinni kemur fram að helsta ástæða þess að sýklar verði ónæmir fyrir sýklalyfjum sé sú að lyfin séu notuð of oft og í of langan tíma.

WHO hefur skorað á ríkisstjórnir um allan heim að leggja fé til rannsókna á sýklalyfjaónæmi baktería.





Við eigum
45 ára starfsafmæli!
Í tilefni þess bjóðum við 45% afslátt af öllum kortum og nýjum námskeiðum

Ný námskeið hefjast 1. apríl - innritun í síma 581 3730

TT námskeið
Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form. **6 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag og kvöldtímar.** Bjóðum sérstaka síðdegistíma fyrir 16-20 ára.

60 PLÚS
Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri. **9 eða 18 vikna námskeið - 2x í viku - morguntímar.**

ROPE YOGA WORKOUT
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar.**

HOT YOGA
Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan. **6 vikna námskeið – 2x í viku – síðdegis- og kvöldtímar.**

STOTT PILATES
Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

Opna kerfið
Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Þrek, þol, liðleiki, pallar, lotuþjálfun, tabata dansívaf ... eitthvað fyrir alla! **ATH!** Nýir tímar í heitum sal, sérstakir miðjutímar ofl.

BM MÓTUN
Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp. **6 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

S&S stutt og strangt
Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp. Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku.**

EXTRA 4X3 miðjuþjálfun og lóð
Mitti, mjaðmir, magi og handleggir
Hákeyrslu brennsla!
**Nýtt 12 tíma námskeið**

Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal!

Velkomin í okkar hóp!

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

*Afmælistilboðið gildir til 31. mars*

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun







### Hellulagnir/Pallasmíði

Tökum að okkur alla lóðalögun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardlausnir@gmail.com

## Tölvur




## Nudd

Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar




Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

B.S.VERKTAKAR

Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




### Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. www.ditto.



### Lok á heita potta og hitaveituskeljar.

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM! Á fermingardömuna, mömmuna og ömmuna. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 27. mars. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

### Rúllugardínur

Þessar gömlu góðu, gluggakappar s. 567 1086.

## Dýrahald




WAGG hundamatur. 15kg á 4.990,- Jón bóndi ehf, Réttarhálsi 2, jonbondi.is, 571-3300 opið mán-fös 10-18.



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Afhendast í apríl, með ættbók. Uppl. um gotið á www.reese8.weebly.com eða í síma 899 7500.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Fullbúin 4ja herb. íbúð til leigu á Akureyri. Vikulega kr. 60 þ. leiga fimtud.-sunnud. 25 þ. Uppl. í s. 867 3953.

Til leigu björt og snyrtileg 48 fm. stúdíóíbúð í Furugrund í Kóp. Leiga á mán. 70þ. Laus strax. Hiti og rafmagn innifalið. Uppl. gefur Ari í s. 860 1896.

## Húsnæði óskast

### Yfirtaka á lánum

Ert þú með fasteign sem þú vilt selja með því að lánin verði yfirtekin? Er með greiðslubyrði allt að 400 þúsund. Skoða allar eignir. Sendið uppl. á huseign@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 209 fm nýlegt skrifstofuhúsnæði í Borgartúni. Eignin er á efstu haed, inndregin með svölum og góðu útsýni allt í kring. Upplýsingar í síma 551 4160, gsm 892 8996, eða helgi@bpship.is

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofuherbergi, sameiginleg setustofa. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444.

Vinnustofa björt og rúmgóð til leigu á Ártúnshöfða. Sími 861-8011 og 699-5112.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Söluturn í rvk óskar eftir starfskrafti í hluta eða 100% starf. Uppl. magnus1220@hotmail.com

YfirVélstjóra, annan vélstjóra, stýrimann og matsvein vantar á sæfara ÁR vélarstærð , 465 kw. Uppl. í S: 8920367 eða 4833548.

Glacier lagoon

Jökulsárlón ehf. óskar eftir að ráða skipstjóra í sumarstarf til að sigla Hjólabátum og léttbátum á Jökulsárlóni. Viðkomandi þarf að hafa skipstjórnarréttindi. Auk þess að hafa lokið námskeiði í Slysavarnarskóla Sjómanna. Einnig vantar starfsmenn í veitingasölu við Lónið. Umsóknir sendist á agust@jokulsarlon.is Upplýsingar gefur Ágúst í síma 868-4797 eða með tölvupósti

**Geysir - Bistró Aðalstræti 2 - 101 Rvk.**
**Erum að leita að röskum aðila í eldhús hjá okkur. Vaktavinna. Ekki yngri en 18 ára. Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar veitir Anna S. 694 1835**

Vélstjóra og vélavörð vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Uppl. í síma 845 3480.

### Góð íslenskukunnátta! Góð aukavinna eða aðalvinna á kvöldin

Rótgrófið og traust markaðsfyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 35 - 60+ til að vinna við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið framkvæmir m.a. landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík. Hæfniskröfur: Góð íslenskukunnátta (talað mál) Upplýsingar eru veittar virka daga í síma 869 0291 milli 14-16 virka daga.

Dagvinna: Einnig óskum við eftir hressum og skemmtilegum sölumann í sérverkefni á daginn 09.00-17.00 Uppl. gefur Kristín í síma 869 0291

símstöðin

### Kvöld- og helgarvinna

Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu í síma 5464645 milli kl. 10-19. gaman@simstodin.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




### NÝTT NÚMER 908 1666

Spjalldömur, hlökkum til að heyra í þér.

### Heit kona

vill kynnast heitum karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8427.

### Ástkona

Flott kona leitar að ástmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8232.



## Til sölu

### Veitingatæki og tól úr þrotabúi Square/Orange

Til sölu í þriðjudag 20 mars á Square Hafnarstræti 20 efstu hæð á milli klukkan 17 & 19. Meðal annars, stólar, borð, sófar, bekkir, "walk in" kælir, stakur kælir, ofn, eldunarlína, djúpsteikingarpottur, loftræstikerfi, hitaborð, kæliborð, diskar, hnífapör og fleira, eða allt til reksturs veitinga- og eða skemmtistaða. Allt selt á staðnum eins og það er.

## Atvinna

### Vantar þig vinnu?



Ég er fertug, gift kona og móðir með hreyfihömlun sem þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs og óska eftir persónulegri aðstoðamanneskju á aldrinum 20-40 ára til starfa.

Þeir sem starfa hjá mér starfa eftir hugmyndafræðinni um sjálfsstætt líf og stuðla þar með að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að umsækjandi hafi bílpróf þar sem ég hef eigin bíl til umráða. Viðkomandi þarf einnig að vera barngóður.

Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í þessu samstarfi.

Frábært tækifæri og góð reynsla fyrir nema sem stefna á að vinna með fötluðum s.s. þroskaþjálfa. Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið: asdisjenna@simnet.is en einnig er hægt að hringja í síma 775-7377.

Ásta Sól

Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

miðlun

### Miðlun leitar að sölustjóra fyrir úthringiver fyrirtækisins.

Starfsmaður tekur þátt í undirbúningi og innleiðingu verkefna, annast ráðningar og þjálfun, hefur umsjón með skráningu og úrvinnslu gagna og vinnur sem sölustjóri á kvöldvöktum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum og/eða sölustjórnun, hafa leiðtogahæfileika, hafa ánægju af mannlegum samskiptum og áhuga á sölustörfum.

Vinnutími er frá 16:00 síðdegis til 10:00 á kvöldin – 3-4 kvöld í viku.

Upplýsingar gefur Andri, andri@midlun.is

****

### Vantar fólk í kvöldvinnu

til að sinna fjölbreyttum úthringiverkefnum. Hentar fyrir fólk á öllum aldri sem hefur gaman af að tala í síma. Unnið 3 - 4 kvöldvaktir í viku – 17.30 – 22.00.

Upplýsingar gefur Guðný, gudny@midlun.is

*Miðlun ehf er ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki á sviði viðskiptatengsla. Við aðstoðum viðskiptavini okkar með því að sinna símsvörun og hringja í fyrirtæki og almenning. Hjá Miðlun starfa sérfræðingar á sviði viðskiptatengsla og fjöldi lausráðinna starfsmanna sem annast úthringingar og önnur verkefni. Í starfsstöð félagsins Nóatúni 17, Reykjavík er rekið fullkomið samskiptaver með 30 vinnustöðvum.*

## Þjónusta

### Leiguumsjón

**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

## Atvinna

Jói Fel

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan
Garðabær & Hringbraut

### Starfsfólk óskast í afgreiðslustörf í bakaríið á Hringbraut

Óskum eftir að ráða starfsfólk til framtíðarstarfa í glæsilegt bakarí og kaffihús Jóa Fel við Hringbraut (JL).

Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára og geta hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir hafið samband við Lindu í netfanginu: linda@joifel.is**

www.joifel.is

## Fundir / Mannfagnaður

### Aðalfundur MATVÍS

Aðalfundur MATVÍS, matvæla- og veitingafélags Íslands, verður haldinn 21 mars n.k að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogs megin.

Fundurinn hefst kl. 16.00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar

MATVÍS

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Kynningarfundur í Víðistaðaskóla

Fimmtudaginn 22. mars **kl. 17.00** verður haldinn kynningarfundur í Víðistaðaskóla á tillögu að rammaskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Flatahrauni og Fjarðarhrauni.
**Kl. 18.00** verður kynnt tillaga að endurgerðu deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði í Norðurbæ sem er í auglýsingu til 10. apríl 2012.

Unnt er að skoða tillögur á heimasíðu bæjarins hafnarfjordur.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að mæta á fundinn.

Unnt er að koma með athugasemdir eða ábendingar til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2 eða senda á netfangið: annasofia@hafnarfjordur.is vegna endurgerðs skipulags Norðurbæjar og á bjarkij@hafnarfjordur.is vegna tillögu á rammaskipulagi.


BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel





Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið







– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft

# FERMINGARPAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI





### AMD TÖLVUPAKKI

- Athlon II X270 3,4GHz DualCore AM3 örgjörvi
- 4GB DDR3 Dual Channel Corsair minni - lífstíðarábyrgð
- 1TB SATA3 harður diskur - 7200rpm 64MB buffer
- DVD skrifari 22xDVD+/- DL skrifari 48x CD & DVD drif
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- Radeon 6670 1GB DDR3 skjákort
- AOC 21,5" LCD LED Full HD 1920x1080 skjár
- Vandað lyklaborð með USB tengi
- Logitech Wheel Mouse Optical með skrunhjóli
- Windows 7 Home Premium 64bita

**TÖLVUPAKKI 129.950**

### INTEL TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite midi turn
- Intel Core i3 2120 3.3GHz
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB SATA III harður diskur
- Radeon 6770 1GB GDDR5 skjákort
- AOC 24" LCD 1920x1080 skjár
- Logitec S220 2,1 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**TÖLVUPAKKI 169.950**

### AMD TURN

**AMD turnvél 3**

- CoolerMaster Elite 335 leikjaturn
- Athlon II X3 455 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Geforce N550GTX 1GB GDDR5 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**119.950**

### INTEL TURN

**Intel turnvél 4**

- CoolerMaster Elite 430 leikjaturn
- Intel Core i5 2500 örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- MSI GeForce N560GTX skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**169.950**

### 24" LCD SKJÁR

**AOC 24" 2436VWA**

- 23.6" skjár með snertitökkum
- 1920 x 1080 upplausn
- 5 ms svartími
- 60.000:1 skerpa
- Sjónarhorn - 170°(H) / 160° (V)
- DVI/VGA og USB tengi
- TN filma

**28.950**

### ASUS FARTÖLVA

**ASUS K53U-SX168V**

- 1.6Ghz AMD Fusion APU Dual Core E450
- 15.6" WXGA LED skjár
- 3GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- AMD Radeon HD 6310 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**87.950**

### LEIKJAMÚS

**Razer Abyssus**

Flott leikjamús, Optical 3,5G, 3500dpi.

**5.950**

### LEIKJALYKLABORÐ

**Razer Arctosa**

Sérhannað lyklaborð fyrir tölvuleikina með forritanlegum hnöppum ofl.

**8.450**

### LEIKJAHEYRNARTÓL

**Razer Carcharias**

Öflug leikjaheyrnartól sem gefa mjög raunverulega upplifun Þrælsterk og hönnuð fyrir mikla notkun.

**17.950**

### TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite P750-10R**

- 2.9GHz Intel Core i5 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- 2GB DDR3 Geforce GT 540M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Allt að 6 tíma rafhlöðuending

**159.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fjötra, **6.** frá, **8.** kyrra, **9.** fálm, **11.** tveir eins, **12.** titill, **14.** rabb, **16.** kallorð, **17.** frjó, **18.** utanhúss, **20.** stöðug hreyfing, **21.** skref.

**LÓÐRÉTT**
**1.** atorka, **3.** æst, **4.** matari, **5.** saur, **7.** pest, **10.** kvenkyns hundur, **13.** heyskaparamboð, **15.** matur, **16.** híbýli, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** höft, **6.** af, **8.** róa, **9.** pat, **11.** ðð, **12.** príor, **14.** skraf, **16.** hó, **17.** fræ, **18.** úti, **20.** ið, **21.** stig. **LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** ör, **4.** fóðrari, **5.** tað, **7.** farsótt, **10.** tík, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** hús, **19.** ii.





**Meðal efnis í blaðinu:**

**Fjármálastjórar framtíðarinnar þurfa þekkingu á fleiri sviðum en fjármálum**
Viðtal við Dr. David Schwarzkopf.

**Breytingar í aðsigi**
Umfjöllun um breytingar á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja á auglýsingamarkaði.

**Markaðurinn kemur út á morgun!**




**Allt sem þú þarft**


# Ekki bara dós af þorsklifur

BAKÞANKAR
Svavar Hávarðsson



Innan um fallega steina á stofuhillunni minni – nokkrar fjölskyldumyndir og fleiri persónulega muni – má finna dós af niðursoðinni þorsklifur. Dósina fékk ég að gjöf frá Igor Katerinitsjev sem ég kynntist nýlega á ferðalagi um eyjuna Senja, sem liggur úti fyrir strönd Norður-Noregs.

**ÞEGAR** ég undirbjó ferð mína hafði ég auðvitað þegar fengið upplýsingar um að ég væri að fara til fundar við fjölþjóðlegan her blaðamanna; Svía, Norðmanna, Dana auk Rússa sem voru nálægt helmingurinn af um tuttugu manna hópi. „Þetta verður eitthvað skrautlegt,“ sagði ég við vinnufélaga og vini áður en ég lagði af stað, með vísan til þess hversu fjölmennir Rússarnir voru í hópnum. Þá vissi ég líka að fundarstaðurinn var afskekkt hótel við ströndina sem liggur nokkrum breiddargráðum fyrir norðan Ísland.

**ÞAÐ** sem ég var raunverulega að vísa til er lítið dæmi sem ég reiknaði aftur og aftur í huganum, en niðurstaðan var alltaf sú sama. Að vera lokaður af með Rússum á afskekktu hóteli í Norður-Noregi þýðir að ég mun verða vitni að vodkadrykkju andskotans. Gott ef ég sá ekki sjálfan mig í þessum fríða hópi; allir með bjarnarskinnshúfu á höfðinu, borðandi svört styrjuhrogn og spilandi á balalaikur. Þegar ég steig upp í flugvélina í upphafi ferðar raulaði ég fyrir munni mér rússneskt þjóðlag sem karlakór Siglufjarðar gerði að sínu. – Kalinka, Kalinka, þú káta stúlkan mín; Kalinka, Kalinka, ég alltaf sakna þín. HÆ!

**KANNSKI** er þetta alltaf svona. Fordómar eru byggðir á staðalmyndum af ákveðnum hópi fólks sem aftur eru tilkomnar vegna fáfræði. Jæja, alla vega hugsunarleysi. Menn vita yfirleitt betur, þó þeir vilji ekki viðurkenna það fyrir sjálfum sér og öðrum. Við erum nefnilega sífellt að reikna lítil dæmi í huganum. Þau fjalla kannski ekki um Rússa en oft fólk af öðru þjóðerni. Aðrir setja upp dæmi um tvo stráka eða tvær stelpur. Niðurstaðan er oft röng en sem betur fer, fyrir mig og fjölmarga aðra, er hægt að verða betri í reikningi. Það verður bara að leggja sig eftir því.

**ÞETTA** er nefnilega eins og á stofuhillunni minni. Ólíkir hlutir eiga yfirleitt vel saman.

**OG** dósin? Hún minnir mig á frábært fólk og eigin fordóma. Og kannski líka að þegar þú átt tvær dósir af lifur, gerðu þá eins og Igor. Gefðu aðra til sessunautar þíns – ef hann á enga.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# VERÐHRUN
# HELDUR ÁFRAM
# Í OUTLET 10

## Erum búin að bæta á 990 tilboðshornið

BOBBIE BURNS



Strigaskór: 3990.-



Fermingarjakkaföt
9.990.-

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING



Herrabuxur

adidas carhartt



4.990.- 4.990.-

Sparkz



Dömu bolir

DIESEL, ADIDAS, CHARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM.

## Erum að taka upp nýjar vörur

+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna

**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# menning

menning@frettabladid.is



**SÝNING FÁTÆKA LEIKHÚSSINS** á Glerdýrunum eftir Tennessee Williams verður frumsýnd í kvöld. Sýningin er sú áttunda sem leikhúsið setur upp en hún er gestasýning í Þjóðleikhúsinu. Leikstjóri er Heiðar Sumarliðason en leikarar eru Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Bjartmar Þórðarson, Tinna Lind Gunnarsdóttir og Bjarni Snæbjörnsson.


Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


# Fjörugt og fyndið en líka tragískt

Ópera ★★★★★

**La bohème eftir Puccini**

Sýnt í Hörpu

La bohème eftir Puccini er ein vinsælasta óperan. Sagan er að vísu dálítið gótótt, enda sleppti Puccini einum kaflanum úr upphaflega óperutextanum. En það skiptir litlu máli; aðalatriðið er tónlistin, sem er hrífandi fögur.

Bakgrunnurinn er bóhemlíf fátækra listamanna í Latínuhverfinu í París. Gárungar hafa sagt að óperan sé í rauninni grínópera. Ein aðalsögupersónan þjáist af tæringu – en syngur samt fullum hálsi fram í andlátið! Margt skondið kemur vissulega fyrir í verkinu og léttleikinn svífur yfir vötnunum fyrstu þrjá kaflana, sem eru alls fjórir. Á endanum nær tragedían þó yfirhöndinni.

La bohème var frumsýnd í Hörpu á föstudagskvöldið. Eftir örstuttan forleik beindist fókusinn að aðalsögupersónunum, fjórum vinum. Þeir voru leiknir af þeim Jóhanni Smára Sævarssyni, Ágústi Ólafssyni, Gissuri Páli Gissurarsyni og Hrólfi Sæmundssyni.

Byrjum á Hrólfi. Hann var í hlutverki tónlistarmannsins Schaunards. Hrólfur hefur vaxið stöðugt síðan hann steig sín fyrstu skref á sviði Sumaróperunnar og er orðinn virkilega glæsilegur söngvari sem unaður er að hlusta á.

Jóhann Smári Sævarsson var líka skemmtilegur sem heimspekingurinn Colline. Hann hafði fína, kómíska nærveru, og röddin var flott. Ágúst Ólafsson var sömuleiðis frábær sem listamaðurinn Marcello, á köflum kostulegur og söngurinn ávallt fallegur.

**Brothætt rödd**

Gissur Páll Gissurarson var Rodolfo, elskhuginn. Rodolfo er erfiður karakter, hrifnæmur og rómantískur, en líka kvalinn af afbrýðisemi. Það var eitthvað brothætt við rödd Gissurar sem hentaði þessu hlutverki sérlega vel. Gissur hefur á undanförnum árum vakið verðskuldaða athygli fyrir óvanalega fallega rödd. Það er auðvitað ekki nóg. Aðalatriðið hér var þessi illútskýranlega viðkvæmni raddarinnar, þessi sérstaki sjarmi sem hafði þau áhrif að maður fann strax til með honum. Óhætt er að óska honum til hamingju með glæsilega frammistöðu í frumsýningunni.



**GLÆSILEG** Hulda Björk og Gissur Páll í La bohème. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Unnusta Gissurar var Mimi, konan með tæringuna, sem nefnd var hér í upphafi. Á frumsýningunni var hún leikin af Huldu Björk Garðarsdóttur. Leikur hennar og söngur var aðdáunarverður. Söngurinn var svo ómþýður og tilfinningaþrunginn að maður féll í stafi hvað eftir annað.

Þau Gissur og Hulda skipta hlutverkunum sínum með Garðari Thór Cortes og Þóru Einarsdóttur. Ég hlustaði á þau á laugardagskvöldið. Garðar skilaði hlutverki sínu með miklum sóma. Hann er léttari en Gissur, og maður fann ekki alveg eins mikið til með honum. Auk þess heyrðist ekki eins vel í honum fyrst framan af. En hann sótti stöðugt í sig veðrið og í heildina var frammistaða hans prýðileg. Þóra var líka framúrskarandi í hlutverki Mimiar, söngurinn bæði þéttur og fókuseraður.

**Skemmtilegir aukaleikarar**

Varla er hægt að kalla hina fjöllyndu Músettu aukapersónu, þótt hún sé ekki eins áberandi og þær sem þegar hafa verið nefndar. Herdís Anna Jónasdóttir smellpassaði í hlutverk Músettu, var bæði fyndin og sýndi líka eftirminnilega dýpt í lokakaflanum.

Loks ber að nefna þá Bergþór Pálsson, sem var óþekkjanlegur í tveimur litlum hlutverkum, og Ólaf E. Rúnarsson. Þeir voru báðir pottþéttir. Og fullorðins- og barnakórinn var flottur.

Leikstjóri sýningarinnar er Jamie Hayes, en hann leikstýrði líka La bohème árið 2001 ef minnið svíkur mig ekki. Hann undirstrikaði hið ærslafengna í sýningunni með allskonar sniðugheitum, stórskemmtilegum skuggamyndum, fyndnum tilburðum ýmissa aukapersóna, jafnvel sirkusatriðum. Stígandin í fyrstu tveimur köflunum var stöðug og markviss, og hápunkturinn hið ótrúlega atriði þegar lúðrasveit birtist og marseraði á sviðinu og á göngunum við hlið áheyrendapallanna. Það var innblásin snilld hjá Puccini! Og Hayes útfærði þetta svo vel að maður varð gersamlega frávita.

Hljómsveitarstjórinn, Daníel Bjarnason, hefur unnið verk sitt vel. Óperan fór fremur hægt af stað á frumsýningunni; ég er ekki frá því að hraðinn hafi verið aðeins meiri á sýningunni á laugardagskvöldið. En það voru allir samtaka, hljómsveit, kór og söngvarar. Og rólegheitin í byrjun gerðu að verkum að hápunkturinn í miðri óperunni var enn áhrifameiri. Í það heila var hljóðfæraleikurinn mjög fínn, og lúðrablásturinn dásamlegur!

Leikmyndin eftir Will Bowen er hugmyndarík. Harpan er auðvitað ekki óperuhús, en hér eru allir möguleikar Eldborgarinnar nýttir til hins ítrasta. Búningar Filippíu I. Elísdóttur eru líka augnayndi, lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar til fyrirmyndar og heildarútlit sýningarinnar almennt sérlega flott. Og svo má ekki gleyma hljómburðinum, sem er hárrétt stilltur.

Á vissan hátt er þessi uppfærsla tímamótaviðburður í tónlistarlífinu. Þetta er í fyrsta sinn sem maður sér alvöru óperusýningu á Íslandi. Í húsi með réttum hljómburði fyrir slíka sýningu og á sæmilega stóru sviði. Í samanburðinum var Töfraflautan í haust bara upphitun. Ég held að við getum öll verið stolt af árangrinum. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Sérlega skemmtileg uppfærsla þar sem saman fer fagur söngur og skemmtileg leikstjórn.




**Ódýrast!**
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur

# Ofurdagur




# 7 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*

**Endurgreiðsluleikur í fullum gangi!**
Einn viðskiptavinur á dag fær áfyllinguna endurgreidda og þrír vinna 100.000 kr. inneignarkort í lok mánaðar.




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

ENNEMM / SÍA / NM51322

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS MEANS WAR | KL. 10.15 | 14 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE VOW | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PROJECT X VIP | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 5:50 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 10 | 3D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 6 | 12 |
| THIS MEANS WAR | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:10 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 3D | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS ísl tali | kl. 6 | 2D | L |
| JOHN CARTER | kl. 5:30 | 2D | 7 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROJECT X | 6, 8 og 10.15 |
| JOHN CARTER 3D | 7 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| SAFE HOUSE | 10 |



HÓPURINN Vodafone og Hátækni gáfu Gretu, Jónsa og föruneyti þeirra splunkunýja Nokia Lumia 800 farsíma til að taka með sér til Bakú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


STOLTUR LEIKSTJÓRI Hannes Þór Halldórsson hjá Saga Film (t.h.) leikstýrði myndbandinu. Hann sagði hafa verið gaman að vinna með slíku fagfólki sem Jónsi, Greta og aðrir sem að laginu koma eru. Hann sagði tökur hafa gengið vel þó aðstæður hefðu oft verið erfiðar. Hannes var að sjálfsögðu viðstaddur frumsýninguna og er hér með Hrannari.

# Ánægja með myndband við Eurovision-lagið

**Myndbandið við framlag Íslands í Eurovision var frumsýnt í gær. Enskur texti hefur verið saminn við lagið og myndbandið leggst vel í aðdáendur keppninnar.**

„Mér leist rosalega vel á þetta og held að þetta verði bara betra og betra með hverju áhorfi. Þetta kom merkilega vel út svona á ensku,“ segir Eyrún Ellý Valsdóttir, formaður Félags áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, FÁSES, um myndband og enskan texta framlags okkar til keppninnar í ár, Never Forget.

Vodafone sló upp frumsýningarteiti í verslun sinni í Skútuvogi í gær, þar sem myndbandið var frumsýnt. Almenn ánægja var með útkomuna meðal viðstaddra og mátti sjá gæsahúð á mörgum handleggjum. - trs


TÁRAÐIST Greta Salóme sagðist hafa tárast þegar hún sá myndbandið í fyrsta skipti. Þau Jónsi voru sammála um að það væri ómetanlegt að finna fyrir stuðningi fólks í kringum lagið.


FÁSES-SKVÍSUR Alma Tryggvadóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir og Auður Geirsdóttir, stjórnarkonur í Félagi áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, FÁSES, létu sig að sjálfsögðu ekki vanta í partíið.


ÁNÆGÐ Sunna Stefánsdóttir og Friðrik Ómar voru ánægð með afraksturinn og eflaust spennt að halda til Bakú.

# Fallbyssufóður óskast

Bíó ★☆☆☆☆

**Act of Valor**

Leikstjórn: Mike McCoy, Scott Waugh


STRÍÐ Alvöru hermenn fara með aðalhlutverkin í Act of Valor og nöfn þeirra fást ekki gefin upp. Þeir standa sig illa.

Alvöru hermenn leika aðalhlutverkin í þessari hörmulegu hasarmynd, sem virðist gerð til þess eins að hvetja amerísk ungmenni til að grípa til vopna fyrir ættjörðina. Herinn þarf ávallt meira fallbyssufóður og auðtrúa unglingar, aldir upp á skotleikjum og þjóðrembingi, eru móttækilegastir fyrir boðskapnum.

Það er merkilegt að kvikmyndagerðarmenn sem notast við hermenn í stað leikara, alvöru vopn í stað eftirlíkinga, og fá óheftan aðgang að fólki með ótæmandi þekkingu á hvers konar stríðsbrölti, geri mynd sem er klisjukenndari og óraunverulegri en flest sem komið hefur frá Hollywood í sama geira. Bardagasenurnar eru oftar en ekki sýndar frá sjónarhorni byssunnar (blautur draumur Call of Duty-spilarans) og dauðsföll hermannanna eru sveipuð dýrðarljóma.

Hermennirnir geta nánast ekkert leikið og samtölin þeirra á milli eru svo klaufaleg að hliðstæðu þeirra má helst finna í klámmyndum. Vel er hamrað á því að ein aðalpersónanna sé að verða pabbi, en það er gert til að gulltryggja geðshræringu áhorfenda þegar persónan bjargar herdeildinni með því að kasta sér ofan á handsprengju. Í lokin birtast svo hjartnæm skilaboð í textaformi, en myndin er tileinkuð öllum þeim sem hafa barist fyrir frelsinu, og einnig þeim sem munu gera það í framtíðinni. Svo kemur nafnalisti yfir látna hermenn og að lokum ljósmyndir sem sýna daglegt líf í hernum. Og nei, ég er ekki að grínast.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ég er algjörlega orðlaus.


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: *ÞÝSKIR: BORGIN NEÐRA* 20:00 ■ *ÞÝSKIR: MILLI VITA* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20* ■ BLIKKIÐ 18:00, 20:00 ■ MACHINE GUN PREACHER 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 17:40 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



# Í fyrsta sinn á fjalirnar

**Kate Winslet ætlar að stíga á fjalirnar í fyrsta sinn í leikritinu Skylight á móti Bill Nighy.**

**Samningaviðræður hafa staðið yfir undanfarna þrjá mánuði um að Winslet taki að sér hlutverkið og búist er við að hún skrifi undir á næstunni. „Hún elskar þetta leikrit og hefur mikinn áhuga á að leika í því,“ sagði heimildarmaður. Verkið er eftir David Hare og var sýnt í Borgarleikhúsinu 1998 undir heitinu Ofanljós. Þar lék Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir hlutverk Winslet. Verkið fjallar um eiganda veitingastaðar sem hittir fyrrverandi hjákonu sína sem hann átti í sambandi við þegar eiginkona hans var enn á lífi.**



**Á FJALIRNAR** Kate Winslet ætlar að stíga á fjalirnar í fyrsta sinn í leikritinu Skylight.

# Stebbi og Eyfi á stjá

Félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson eru lagðir af stað í tónleikaferð um landið til að fylgja eftir plötunni Fleiri notalegar ábreiður sem kom út í fyrra.

Ferðin verður í tveimur hlutum og hófst sá fyrri á mánudaginn en sá síðari verður í haust. Þeir hyggjast koma við í öllum helstu bæjum og byggðakjörnum landsins áður en yfir lýkur. Á efnisskránni verða lög af nýju plötunni, sem og eldra efni sem þeir hafa ýmist sungið saman eða hver í sínu lagi á undanförnum tuttugu árum.

## Fjölmargir tónleikar um allt land

**20. mars:** Byggðasafnið Garðskagavita (kl. 20.30)
**21. mars:** Kaffi Duus, Keflavík (kl. 20.30)
**22. mars:** Gamla Kaupfélagið, Akranesi (kl. 21.00)
**23. mars:** Café Rose, Hveragerði (kl. 22.00)
**27. mars:** Þorlákshafnarkirkja (kl. 21.00)
**28. mars:** Hafnarkirkja, Höfn (kl. 20.30)
**29. mars:** Hótel Laki, Kirkjubæjarklaustri (kl. 21.00)
**31. mars:** Hallarlundur (Höllin), Vestmannaeyjum (kl. 22.00)
**7. apríl:** Hótel KEA, Akureyri (kl. 21.30)
**9. apríl:** Hótel KEA, Akureyri (kl. 21.30)
**23. apríl:** Hvammstangakirkja (kl. 20.30)
**24. apríl:** Eyvindarstofa, Blönduósi (kl. 20.30)
**25. apríl:** Sauðárkrókskirkja (kl. 20.30)

# Ummi gefur út Bergmálið

**Tónlistarmaðurinn Ummi Guðjónsson sendir á morgun frá sér smáskífulagið Bergmálið. Það verður að finna á annarri plötu listamannsins sem kemur út seinna á þessu ári.**

**„Í apríl 2011 fór ég, ásamt góðum hópi tónlistarmanna, upp í Litlaskarð í Borgarfirði þar sem við hreiðruðum um okkur í nokkra daga og tókum upp plötuna. Andrúmsloftið í Litlaskarði var algjörlega einstakt og upptökurnar voru án efa einar þær bestu stundir sem ég hef upplifað sem tónlistarmaður,“ segir Ummi. Bergmálið verður aðgengilegt á netinu á Ummig.com og Gogoyogo.com.**



**NÝTT LAG** Tónlistarmaðurinn Ummi er að senda frá sér lagið Bergmálið.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 20. mars 2012**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Námskeið

**20.15** Endurmenntun Háskóla Íslands heldur námskeiðið Leiðarvísir að Sturlungu með Einari Kárasyni, rithöfundi. Einar segir sögur upp úr Sturlungu og kynnir helstu atburði og persónur. Námskeiðið er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 og er öllum opið.

### Fræðslufundir

**14.00** Félag eldri borgara í Kópavogi og VÍB, eignastýring Íslandsbanka, halda fræðslufund um sparnað eldri borgara í félagsheimilinu Gullsmára, Gullsmára 12. Boðið verður upp á veitingar.

### Tónlist

**20.30** Hljómsveitin OC/DC kemur fram á jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Joni Mitchell heiðurstónleikar verða haldnir á Café Rosenberg. Hljómsveitin sem stígur á stokk er skipuð ungu og efnilegu tónlistarfólki sem allt hefur stundað nám við Tónlistarskóla FÍH í Reykjavík. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

MARSTILBOÐ
þvottavél og þurrkari á afslætti



ÞVOTTAVÉL - WA61412
6 kg
1400 snúninga
Orkunýtni A+
Þvotthæfni A
4-D Vatnsdreifarar
Ryðfrí tromla
Carbotech belgur
Hraðþvottur
SterilTub hreinsikerfi
Hurðarop 33 sm
Kaldur þvottur 15°C
KR. 78.900.- ÁÐUR KR. 99.900

ÞURRKARI - D50310
Afkastageta: 6 kg
Orkunýtni: B
Barkalaus
Snýst í báðar áttir
Kaldur blástur
Lægri þurrkhiti
Krumpuvörn
KR. 84.900.- ÁÐUR KR. 119.900

gorenje

5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING

# sport

sport@frettabladid.is



**BLAÐ VAR BROTIÐ Í ÍSLENSKRI KÖRFUBOLTASÖGU** í gær þegar feðgarnir Kristinn Óskarsson og Ísak Ernir Kristinsson dæmdu saman leik Þórs og Vals í Iceland Express-deild karla. Þetta er í fyrsta skipti á Íslandi sem feðgar dæma saman í efstu deild. Kristinn dæmdi sinn fyrsta leik í efstu deild árið 1988, þá voru enn fimm ár í að Ísak fæddist.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla:*

| **Akureyri-FH** | **30-26** |
|---|---|

Akureyri: Bjarni Fritzsson 7/1 (12/2), Oddur Gretarsson 6 (10), Guðmundur Helgason 5 (7), Geir Guðmundsson 5 (8), Heimir Örn Árnason 4 (6), Hörður Sigþórs. 2 (3), Bergvin Gíslas. 1 (1). Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 22 (47/4, 47%)
FH: Ólafur Gústafsson 6 (14), Hjalti Pálmason 5/5 (11/5), Atli Steinþórsson 3 (3), Örn Ingi Bjarkason 3 (9), Ari Þorgeirsson 2 (2), Sigurður Ágústsson 2 (2), Þorkell Magnússon 1 (1), Halldór Guðjónsson 1 (1), Ísak Rafnsson 1 (1), Magnús Magnússon 1 (1), Ragnar Jóhanns. 1 (7), Varin skot: Daníel Andrésson 7/1 (26/1, 27%)

**HK-Haukar** **20-26**

HK: Atli Ævar Ingólfsson 5 (7), Bjarki Elísson 5/1 (7/1), Tandri Konráðsson 5 (10), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (12), Sigurjón Björnsson 1 (2). Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 5 (21, 24%), Valgeir Tómasson 5 (15, 33%),
Haukar: Heimir Óli Heimisson 6 (6), Tjörvi Þorgeirsson 5 (9), Stefán Rafn Sigurmannsson 4 (7), Gylfi Gylfason 3 (6), Nemanja Malovic 3 (9), Freyr Brynjarsson 2 (2), Sveinn Þorgeirsson 2 (5). Varin skot: Aron Eðvarðsson 18 (38/1, 47%),

**Valur-Afturelding** **24-20**

Valur: Sturla Ásgeirsson 9/5 (11/6), Valdimar Fannar Þórsson 4 (9), Magnús Einarsson 3 (3), Orri Freyr Gíslason 2 (2), Einar Guðmundsson 2 (4), Anton Rúnarsson 2 (6), Gunnar Harðars 1 (1) Varin skot: Hlynur Morthens 18 (37/2, 49%), Ingvar K. Guðmundsson (1/1, 0%),
Afturelding: Jóhann Jóhannsson 7/3 (13/3), Pétur Júníusson 3 (4), Þorlákur Sigurjónsson 2 (3), Chris McDermont 2 (4), Einar Héðinsson 1 (1). Varin skot: Davíð Svansson 9 (30/3, 30%).

**Grótta-Fram** **23-26**

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 19 | 13 | 1 | 5 | 464-413 | 27 |
| **FH** | **19** | **11** | **3** | **5** | **511-472** | **25** |
| Akureyri | 19 | 11 | 2 | 6 | 517-471 | 24 |
| **HK** | **19** | **11** | **1** | **7** | **519-489** | **23** |
| Fram | 19 | 11 | 1 | 7 | 485-482 | 23 |
| **Valur** | **19** | **8** | **4** | **7** | **503-482** | **20** |

### *IE-deild karla:*

**Njarðvík-Grindavík** **61-83**

Njarðvík: Cameron Echols 12, Maciej Stanislav Baginski 11, Páll Kristinsson 9, Travis Holmes 9, Elvar Már Friðriksson 8, Ólafur Helgi Jónsson 6.
Grindavík: J'Nathan Bullock 25, Páll Axel Vilbergsson 16, Ólafur Ólafsson 8, Jóhann Árni Ólafsson 8, Giordan Watson 6, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 6, Ómar Örn Sævarsson 4.

**Þór Þ.-Valur** **80-76**

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 19, Blagoj Janev 15, Matthew James Hairston 12 Baldur Þór Ragnarsson 9, Guðmundur Jónsson 9, Darri Hilmarsson 8, Grétar Ingi Erlendsson 8.
Valur: Marvin Andrew Jackson 20, Kristinn Ólafsson 18, Ragnar Gylfason 16, Birgir Björn Pétursson 13, Hamid Dicko 5, Benedikt Blöndal 4

**Keflavík-ÍR** **121-89**

Keflavík: Jarryd Cole 28, Charles Michael Parker 22, Magnús Gunnarsson 18, Valur Orri Valsson 17, Halldór Halldórsson 8, Almar Guðbrands. 7.
ÍR: Nemanja Sovic 24, Robert Jarvis 23, Rodney Alexander 19, Kristinn Jónasson 9, Þorvaldur Hauksson 4, Ellert Arnarson 4, Níels Dungal 2.

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **21** | **18** | **3** | **1882-1660** | **36** |
| KR | 21 | 14 | 7 | 1882-1773 | 28 |
| **Stjarnan** | **21** | **14** | **7** | **1843-1717** | **28** |
| Þór Þ. | 21 | 14 | 7 | 1784-1689 | 28 |
| **Keflavík** | **21** | **13** | **8** | **1906-1786** | **26** |
| Snæfell | 21 | 12 | 9 | 1966-1860 | 24 |
| **Tindastóll** | **21** | **10** | **11** | **1755-1821** | **20** |
| Njarðvík | 21 | 9 | 12 | 1743-1797 | 18 |
| **ÍR** | **21** | **8** | **13** | **1859-1976** | **16** |
| Fjölnir | 21 | 8 | 13 | 1788-1883 | 16 |

# JÚDÓ ER GÖFUGMENNAÍÞRÓTT

**Stórsöngvarinn Geir Ólafsson er marghamur maður. Hann hefur nú skipt jakkafötunum út fyrir júdóbúning og mun glíma á Íslandsmótinu í júdó um næstu helgi. Hann æfir undir handleiðslu bronsmannsins frá ÓL í Los Angeles, Bjarna Friðrikssonar, sem segir Geir vera öflugan júdókappa sem kveinki sér ekki.**

**JÚDÓ** „Ég hef verið í júdó frá því ég var ungur drengur. Fyrsti maðurinn sem ég glímdi við var Thor Vilhjálmsson," sagði söngvarinn geðþekki og nú júdókappinn Geir Ólafsson. Geir mun taka þátt í Íslandsmótinu í júdó í fyrsta skipti um næstu helgi.

Það eru nokkur afföll meðal bestu júdómanna landsins en mest munar þó um að besti júdómaður landsins, Þormóður Árni Jónsson, mun ekki geta keppt vegna meiðsla. Ný andlit fá því tækifæri til þess að láta ljós sitt skína og Geir er á meðal þeirra manna en hann mun taka þátt í mínus 73 kílógramma flokki.

„Ég hef tekið júdóið mjög föstum tökum síðustu misseri og æft grimmt síðustu sjö mánuði. Í kjölfarið hef ég ákveðið að mæta á Íslandsmótið en það verður fyrsta júdómót sem ég tek þátt í," sagði Geir glaðbeittur. „Ég verð samt að viðurkenna að þó svo ég æfi mikið þá hef ég ekki tekið mataræðið nógu föstum tökum. Ég hef aldrei haft áhyggjur af því hvað ég sé að borða."



**TEKIÐ Á BRONSMANNINUM** Geir er undir öruggri handleiðslu Bjarna Friðrikssonar hjá Júdófélagi Reykjavíkur. Geir reynir hér að taka bronsmanninn niður.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**SKELLUR** Bjarni hendir Geir í gólfið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Söngvarinn síkáti mætir fullur sjálfstrausts til leiks og ætlar að selja sig dýrt.

„Maður stefnir alltaf á að vinna en fyrst og fremst ætla ég að standa í lappirnir og gera mitt besta. Ég ætla að nýta þá tækni og þekkingu sem ég hef öðlast til þess að gera mitt besta. Ég veit að andstæðingarnir eru gríðarlega erfiðir. Ég mæti þeim með virðingu og vinsemd en mun berjast við þá að því ég best get." Geir segist vera mjög spenntur fyrir mótinu og hlakki til að taka þátt í mótinu.

„Júdó er göfugmennaíþrótt sem gaman er að stunda. Þetta getur því ekki orðið annað en gaman," sagði Geir en getur hann eitthvað? „Það kemur í ljós á mótinu."

Það er óhætt að segja að Geir sé að fá góða þjálfun en þjálfarinn hans er enginn annar en bronsmaðurinn frá Ólympíuleikunum í Los Angeles, Bjarni Friðriksson.

„Geir er flottur glímumaður og mjög öflugur. Hann er líklega ekki að fara að keppa um Íslandsmeistaratitilinn enda búinn að æfa stutt en hann er mjög öflugur," sagði Bjarni um skjólstæðinginn Geir sem hann segir vera til fyrirmyndar.

„Geir missir aldrei af æfingu og kveinkar sér aldrei. Það er mikill kostur. Hann lenti einu sinni í því að meiða sig en það stoppaði hann ekki. Ég varð svo að reyna að stoppa hann því hann neitaði að hætta. Honum finnst þetta svo gaman," sagði Bjarni ánægður með sinn mann. **henry@frettabladid.is**

Akureyringar eru í fínum málum eftir ákaflega sannfærandi sigur á Íslandsmeisturunum fyrir norðan:

# Hef trú á því að við förum á mikið flug núna

**HANDBOLTI** Akureyri vann öruggan sigur á FH í gær, 30-26. Akureyri spilaði frábærlega í fyrri hálfleiknum, vörnin mögnuð og Sveinbjörn í stuði þar fyrir aftan. Liðið var vel stutt áfram af um 800 áhorfendum og það skilaði sér vel inn á völlinn. Staðan í hálfleik var 20-11.

Vörn og markvarsla FH var mjög léleg, engin grimmd í vörninni og markmennirnir réðu ekkert við Norðlendinga sem skutu vel á markið. Þeir opnuðu vörnina auðveldlega hvað eftir annað og skoruðu mörk í öllum regnbogans litum. Þá var sókn FH ráðalaus og í tómu tjóni gegn sterkri vörn Akureyrar.

Sama sagan var í gangi í seinni hálfleik. Akureyri komst mest 10 mörkum yfir og það kviknaði vart líf hjá FH fyrr en undir lokin þegar það lagaði stöðuna og minnkaði muninn í fjögur mörk, 30-26. Oddur var frábær í liði Akureyrar en vörnin og markvarslan stóðu upp úr.

„Fyrstu 30 mínúturnar í leiknum eru alveg skelfilegar hjá okkur, en seinni hálfleikurinn er mjög góður og vinnum við hann með 5 mörkum. Við bara mættum ekki til leiks, Akureyringar voru frábærir í fyrri hálfleik, spiluðu frábæra sókn og náðu hraðaupphlaupum," sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH.

„Þetta er allt annað lið. Ég lofaði því líka að allt annað lið myndi mæta hér í dag og við svo sannarlega spiluðum frábæran leik, fyrri hálfleikur nánast gallalaus. Fyrir mig er aðalatriðið að komast í úrslitakeppnina, ég hef trú á því að þetta kveiki það mikið í okkur að við förum á þetta flug áfram," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar. **– hþh/bs**



**FLOTTIR** Akureyringar fagna í leiknum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HJALTI





Borgar þú of mikið fyrir öryggiskerfið?

Það er einfalt að skipta um þjónustuaðila. Gerðu verðsamanburð.

Hringdu núna í 570 2400.

ÖRYGGI VELFERÐ

Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 111049

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



**1259 KR. KG**

### FERSK NÝ LÍNUÝSA
*ROÐ OG BEINLAUS*



**998 KR. KG**

NORÐANFISKUR FROSNIR
**ÞORSKBITAR ROÐ/BEINL.**



**1798 KR. KG**

NORÐANFISKUR FROSINN
**LÉTTSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**



**998 KR. KG**

BEINL. FROSNIR
**ÚTVATNAÐIR SALTFISKBITAR**



**798 KR. 800G**

BÓNUS FROSNIR
**ÝSUBITAR Í RASPI 800G**

Fiskbúðin okkar

FRÁBÆRT VERÐ



**398 KR. KG**

FISKBÚÐIN OKKAR
**FERSKAR FISKBOLLUR**




**598 KR. 6 STK**

NORÐANFISKUR 120 GRAMMA
**FROSNIR FISKBORGARAR**




**498 KR. 500ML**

BÓNUS 500ML
**ÞORSKALÝSI**

EURO SHOPPER

**EURSOSHOPPER**
**TÚNFISKUR Í DÓS**
Í OLÍU EÐA VATNI




**139 KR. 185G**




**198 KR. 120G**

NORÐANFISKUR
**REYKT ÞORSKLIFUR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | | | | 6 | | |
| | | | | | | 9 | | |
| | | | | 6 | 3 | 5 | 4 | |
| | | 1 | | 5 | | | | 4 |
| | 7 | 4 | 3 | | 9 | 8 | 6 | |
| 6 | | | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | 8 | 6 | 7 | | | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | 8 | 5 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 56

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

> **Stöð 2 kl. 20.35**
**Two and a Half Men**

***Ashton Kutcher hefur komið með ferskan blæ í þættina þar sem hann leikur milljónamæringinn Walden Schmidt. Í þættinum í kvöld leitar Walden að stóru ástinni og Alan reynir að lokka Lyndsey aftur í líf sitt.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ ENDURTEKUR SIG

# *Ferðalag án farar*

Það er algjörlega ónauðsynlegt að finna upp hjólið sí og æ. Sérstaklega þegar kemur að pistlum um fjölmiðla, en fáir angar samfélagsins reiða sig jafn mikið á endurtekningu og þeir. Þess vegna skal hér í annað skipti á einhverjum árum vakin athygli á hinum frábæra þætti Magnúsar R. Einarssonar Hringsól.

Þátturinn, sem er á dagskrá Gufunnar klukkan 13 á mánudögum, er ótrúlega einfaldur. Fólk segir frá ferðalögum sínum til misframandi landa og mislangri dvöl sinni í fjarlægum löndum. Frásögnin er síðan brotin upp með tónlist frá viðkomandi landi. Einfalt, en um leið algjör snilld.



Magnús hefur þann eiginleika sem margir, margir, margir aðrir fjölmiðlamenn mættu tileinka sér; hógværð. Hann tranar sér svo lítið fram að rödd hans heyrist aldrei í þáttunum. Fyrir vikið líður manni eins og maður sé sjálfur í spjalli við ferðalangana yfir kaffibolla, ekki að hlusta á samtal annars fólks. Hógværð er dyggð sem seint verður nægilega fagnað.

Fyrir tilstilli Magnúsar og viðmælenda hans hafa hlustendur fengið innsýn í líf í ótal mörgum löndum og megi svo vera sem lengst áfram.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Á Búsúkíslóðum **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (50:52)
**17.31 Þakbúarnir**
**17.43 Skúli skelfir** (12:52)
**17.55 Hið mikla Bé** (10:20)
**18.18 Fum og fát** (1:20) (Panique au village)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Skólahreysti** Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.45 Krabbinn** (13:13) (The Big C)
**21.15 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (2:6) (Kodenavn Hunter II) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Meðal leikenda eru Mads Ousdal og Ane Dahl Torp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (12:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Family Stone**
**10.00 Duplicity**
**12.05 Open Season 2**
**14.00 The Family Stone**
**16.00 Duplicity**
**18.05 Open Season 2**
**20.00 Little Nicky**
**22.00 Planet Terror**
**00.00 Fargo**
**02.00 Stuey**
**04.00 Planet Terror**
**06.00 Rendition**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (6:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (117:175)
**10.15 Wonder Years** (15:23)
**10.45 The Middle** (5:24)
**11.10 Matarást með Rikku** (5:10)
**11.40 Hank** (1:10)
**12.10 Two and a Half Men** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (12:24)
**13.25 The X Factor** (19:26)
**14.15 The X Factor** (20:26)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 iCarly** (14:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (22:22)
**19.45 Perfect Couples** (9:13)
**20.10 Modern Family** (16:24)
**20.35 Two and a Half Men** (4:24)
**21.00 White Collar** (3:16)
**21.45 Burn Notice** (11:20)
**22.30 Community** (24:25) Drepfyndinn gamanþáttur um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin sín og neyðist til að setjast á ný á skólabekk. Þar kynnist hann heldur betur skrautlegum hópi samnemenda.
**22.50 The Daily Show: Global Edition**
**23.20 New Girl** (5:24)
**23.45 Mildred Pierce** (2:5)
**00.50 Gossip Girl** (7:24)
**01.35 Pushing Daisies** (6:13)
**02.15 Big Love** (7:9)
**03.10 One Last Dance**
**04.40 Modern Family** (16:24)
**05.05 Two and a Half Men** (4:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.55 Udinese - AZ** Evrópudeildin.
**18.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**19.50 Spænski boltinn: Baracelona - Granada** BEINT
**22.00 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Gummersbach**
**23.25 Evrópudeildarmörkin** Öll mörkin og bestu tilþrifin í síðustu leikjum í Evrópudeildinni.
**00.20 Spænski boltinn: Baracelona - Granada**
**02.05 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Gummersbach**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.15 Premier League Review 2011/12**
**16.10 Wolves - Man.United**
**18.00 Newcastle - Norwich**
**19.50 Blackburn - Sunderland** BEINT
**22.00 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.30 Blackburn - Sunderland**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (73:175)
**20.10 Monk** (1:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (3:15)
**22.40 The Glades** (12:13)
**23.25 V** (7:10)
**00.05 Supernatural** (7:22)
**00.50 Twin Peaks** (13:22)
**01.35 Malcolm In The Middle** (22:22)
**02.00 Perfect Couples** (9:13)
**02.20 Monk** (1:16)
**03.05 The Doctors** (73:175)
**03.45 Íslenski listinn**
**04.10 Sjáðu**
**04.35 Fréttir Stöðvar 2**
**05.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Minute To Win It** (e)
**15.45 90210** (9:22) (e)
**16.35 Dynasty** (10:22)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Got to Dance** (3:15) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (26:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (15:24)
**19.45 Will & Grace** (26:27) (e)
**20.10 Matarklúbburinn** (6:8) Leikskólinn Sælukot er heimsóttur en þar borða börnin aðeins indverskt grænmetisfæði að hætti Ananda Marga. Hrefna gerir rétti sem henta bæði börnum og fullorðnum.
**20.35 Innlit/útlit** (6:8) Það eru þær Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir sem stýra skútunni á ný í þessum skemmtilegu þáttum. Þær munu leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi.
**21.05 The Good Wife** (8:22) Alicia gerir sér ferð á dauðadeildina til bjargar skjólstæðingi sínum með óvæntum afleiðingum.
**21.55 Prime Suspect** (9:13) Grunur leikur á að klámkóngur hafi óhreint mjöl í pokahorninu í morðmáli.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 CSI** (11:22) (e)
**00.20 The Good Wife** (8:22) (e)
**01.10 Flashpoint** (11:13) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Tavistock Cup 2012 (1:2) **12.00** Transitions Championship 2012 (2:4) **15.00** US Open 2006 - Official Film **16.00** The Tavistock Cup 2012 (2:2) **21.00** PGA Tour - Highlights (11:45) **21.55** THE PLAYERS Official Film 2011 **22.50** The Open Championship Official Film **23.50 ESPN America**

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.20** The Weakest Link **07.05** Keeping Up Appearances **08.40** Dalziel and Pascoe **10.20** Come Dine With Me **11.05** EastEnders **11.35** Come Dine With Me **12.25** My Family **13.25** Keeping Up Appearances **15.25** QI **16.25** Top Gear **17.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Lee Evans Live Different Planet Tour **21.00** The Graham Norton Show **21.45** My Family **22.45** Live at the Apollo **23.30** Keeping Up Appearances **01.00** Dalziel and Pasco

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Lykke **12.35** Aftenshowet **13.30** Nye hvide verden **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Lægerne **15.00** Mira og Marie **15.05** Dyk Olli dyk **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Pacific Paradise Police **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bonderøven **19.30** Blod, sved og ris **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Irene Huss. Nattevagt **22.30** En chance til **23.00** OBS **23.05** En splittet familie **23.50** Lægerne

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Gå fint i band **13.00** NRK nyheter **13.05** Valdres Teens **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Naturens undere **16.00** NRK nyheter **16.10** Ut i naturen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Drageflygerne **19.45** Extratrekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.30** Humorama **22.00** Kveldsnytt **22.15** Winter

## SVT 1

**09.45** Drömmen om landet **10.45** Anslagstavlan **10.50** Smartare än en femteklassare **11.50** Livet på Laerkevej **12.35** Skavlan **13.35** Narkos **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Imorgon **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Så levde de lyckliga **20.00** Veckans brott **21.00** Hübinette **21.30** Dox **22.30** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.40** Ripley Under Ground

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur
**21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# 5 DANIR

# EINN ÍSLENDINGUR

**Kæru viðskiptavinir,**

**Ég Kristján Fiskikóngur, tek þátt fyrir hönd íslendinga í fisksalakeppni sem haldin er í Danmörku í dag 20. mars.**

**Ég ætla mér að reyna að vinna þessa keppni fyrir okkar hönd.**

**Ég fer út með mikið stolt og íslenskt blóð í æðum.**

**Í tilefni dagsins.**
**Allir fiskréttir**
**1.590 kr.kg**
**(Sósuréttir og marineraður fiskur)**

**Þið getið fylgst betur með:**
www.facebook.com (fiskikóngurinn)
www.facebook.com (Kristján Berg)
www.foodexpo.dk

Öll keppnin verður tekin upp og sýnd í sjónvarpinu, Inntv miðvikudaga kl. 21.00, þátturinn *„Sælgæti úr sjó“.*

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*Ég er nú ekki mikill músíkant, en Sail með Awolnation og Time for You með Jet Black Joe eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Svo er lag sem er búið að gera allt vitlaust á playlistanum í salnum hjá okkur á kvöldin og ég er alveg vel byrjaður að fíla, That's Life með Frank Sinatra.*

Þráinn Freyr Vigfússon, yfirkokkur á Kolabrautinni.

# Þekkist ekki lengur úti á götu

„Það er mjög þungu fargi af mér létt. Ég var að spá í að setja sílíkon í hökuna til að jafna út þungann," segir Smári Tarfur Jósepsson.

Gítarleikarinn snjalli er búinn að raka af sér alskeggið sem hann hefur verið með á andlitinu nánast samfleytt síðan 1994, eða í átján ár. Skeggið hefur verið einkennismerki hans en nú er svo komið að hann þekkist ekki úti á götu. „Nú er ekki glápt á mann og hneykslast lengur. Skeggið er heldur ekki að fjúka framan í mig eins og vildi gjarnan gerast."

Það voru þær Guðný Gígja Skjaldardóttir og Bjartey Sveinsdóttir sem eru með honum í hljómsveitinni Ylju sem áttu þátt í þessari stóru ákvörðun. „Þær hafa ýtt mér út í margt skemmtilegt og framandi, þar á meðal mottuna góðu. Best finnst mér þó að þær eru ákaflega hæfileikaríkir gítarleikarar og samvinna mín við þær hefur ýtt mér til þess að verða enn betri á gítar sjálfur," segir Smári, sem er einna þekktastur fyrir samstarf sitt með rappsveitinni Quarashi.

Í stað alskeggsins er Smári kominn með forláta mottu og er þegar byrjaður að safna fyrir Mottumars. „Það er ákveðinn húmor í mottunni sem mér finnst skemmtilegur. Það blundar líka í manni mikill Þjóðverji. Ég var alltaf rosalegur Detlef Schrempf-aðdáandi í gamla daga," segir hann hress og á við þýska NBA-leikmanninn. „Svo hef ég ekki séð hökuna á mér síðan rétt um tvítugt. Ég hélt að það væri bara krepptur hnefi þarna undir." - fb



**KOMINN MEÐ MOTTU** Smári Tarfur Jósepsson með mottuna sem hefur tekið við af alskegginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn **Andri Freyr Viðarsson** og sjónvarpsmaðurinn **Helgi Seljan** stigu á stokk með hljómsveitinni SúEllen á Austfirðingaballi á laugardag. Ballið fór fram á skemmtistaðnum Spot og eru slík Austfirðingaböll haldin tvisvar á ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var mikil stemning á ballinu, eins og alltaf þegar Austfirðingar koma saman, og þótti fjölmiðlamönnunum mikill heiður að fá að taka lagið með SúEllen enda hljómsveitin í miklum metum hjá þeim báðum. Andri Freyr og Helgi sungu lögin Símon og Sveppalagið og ætlaði víst allt um koll að keyra er þeir luku sér af. Þetta var í fyrsta sinn sem Andri Freyr sækir Austfirðingaball en haft var eftir honum að hann ætlaði að mæta á þau öll eftir þessa upplifun. - sm



BRÚÐ KAUP

**Sérblað um brúðkaup fylgir Fréttablaðinu á laugardaginn.**

Í blaðinu verða góðar hugmyndir fyrir vígsluna, veisluna og brúðkaupsferðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA: ÍVAR ÖRN HANSEN ivarorn@365.is S. 512 5429, GSM 615 4349



**ROKKARAR** Strákarnir í The Vintage Caravan spila í úrslitum Global Battle of the Bands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ÓSKAR LOGI ÁGÚSTSSON: VERÐUM VONANDI LANDINU TIL SÓMA

# Pabbi rót fylgir The Vintage Caravan til Rúmeníu

„Við verðum vonandi landinu til sóma," segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari The Vintage Caravan.

Rokktríóið vann íslensku undankeppni hljómsveitakeppninnar Global Battle of the Bands um helgina og tryggði sér þar með þátttökurétt í lokaúrslitunum sem verða haldin í Rúmeníu í júní.

„Þetta gekk framar vonum því við bjuggumst ekkert við því að vinna þetta. Það verður mikill stökkpallur fyrir okkur að fara út," segir Óskar Logi. „Við ætluðum að reyna að fara eitthvað út í sumar en vorum eiginlega búnir að gefast upp á því. Við ætluðum að gera þetta vel árið 2013 en síðan rættist sá draumur að fara til útlanda í fyrsta sinn að spila."

The Vintage Caravan sækir innblástur sinn í klassískt rokk frá árunum í kringum 1970 með sveitum á borð við Led Zeppelin, Cream, Deep Purple, The Jimi Hendrix Experience, Trúbroti og Óðmönnum. Meðal nýlegra sveita í uppáhaldi eru The Mars Volta og The Black Keys.

> Pabbi hefur ekki misst af tónleikum með okkur í einhver tvö ár.

Hljómsveitin hét upphaflega The Vintage og tók þátt í Músíktilraunum árið 2009 þar sem hún lenti í þriðja sæti. Óskar Logi var jafnframt valinn gítarleikari keppninnar. Haustið 2010 breyttist nafnið í The Vintage Caravan og sveitin spilaði á Iceland Airwaves. Fyrsta platan kom í verslanir í maí í fyrra eftir að sveitin gerði dreifingarsamning við Senu.

Strákarnir voru mjög duglegir við tónleikahald í fyrra og spiluðu tvisvar til þrisvar sinnum um hverja helgi. „Það var alveg brjálað að gera. Við spiluðum okkur dálítið inn á kortið," segir Óskar Logi. Fimm laga stuttskífa kom svo út í febrúar til að minna fólk á hljómsveitina.

Þeir félagar koma frá Álftanesi og eru allir í menntaskóla. Foreldrar þeirra hafa verið duglegir við að styðja við bakið á þeim og til dæmis var pabbi Óskars að stilla upp hljóðfærunum fyrir strákana á Gauknum um helgina. „Hann er kallaður pabbi rót. Hann kemur og rótar og hlustar. Pabbi hefur ekki misst af tónleikum með okkur í einhver tvö ár. Það er alltaf flott að hafa gamla karlinn á kantinum," segir hann og býst fastlega við því að „sá gamli" komi með til Rúmeníu.

Spurður hvernig hann metur möguleika The Vintage Caravan í Rúmeníu þar sem sigurlaunin eru tæpar þrettán milljónir króna segir Óskar Logi: „Við vonum bara það besta. Við trúum alveg á okkur sjálfa og reynum að rúlla þessu upp." freyr@frettabladid.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989



Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

# Fyrirsæta með veitingastað á Íslandi

„Það er skemmtileg hugsjón á bak við veitingastaðinn hjá henni þar sem hún sameinar tískuna sína, matarástina og námið sitt, en hún er með master í líflæknisfræði," segir Martha Eiríksdóttir um fyrirsætuna Elettra Rossellini Wiedemann sem er væntanleg til landsins með pop-up veitingastaðinn sinn, Goodness, í tilefni af Hönnunarmars.

Elettra starfar sem fyrirsæta og er andlit Lancome og dóttir fyrirsætunnar Isabellu Rossellini. Elettra kynntist Íslandi þegar hún kom með föður sínum, Jonathan Wiedemann, og íslenskri konu hans hingað í frí í fyrra. „Við urðum vinkonur þegar hún kom hingað í heimsókn. Ég heimsótti hana svo til New York í september og þá var hún að setja upp Goodness í fyrsta skipti. Mér datt í hug að það gæti verið gaman að setja hann upp hér á Íslandi," segir Martha. Hugmyndin er að setja Goodness upp víða um heim í tengslum við hönnunar- og tískuviðburði. Hingað til hefur hann tvisvar sinnum *poppað upp* á tískuviku í New York, en þetta verður í fyrsta skipti sem hann verður settur upp utan Bandaríkjanna.

Veitingastaðurinn verður í húsakynnum SATT á Icelandair Hotel Reykjavík Natura og mun Elettra vinna með íslenskum kokkum þaðan. „Það má í raun segja að hún taki yfir SATT með sinn matseðil í þrjá daga," segir Martha, en Goodness verður opinn frá 22. til 25. mars. - trs



**FYRIRSÆTA ELDAR FYRIR ÍSLENDINGA** Elettra Rossellini opnar Pop-up veitingastað sinn í húsakynnum SATT. MYND: GONZALO MACHADO

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000KR.

**Sími 58·12345**
**www.dominos.is**

## Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**

NÝTT
3 TEGUNDIR AF BOTNUM
BETRA HRÁEFNI – BETRI PIZZA



FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Góðir dómar í Noregi

Íslenska myndin Eldfjall fær góða dóma í Noregi en Dagbladet gefur myndinni fjóra af sex mögulegum. Sömuleiðis er gagnrýnandi útvarpsstöðvarinnar P3 hrifinn af **Rúnari Rúnarssyni**, leikstjóra myndarinnar, og segir hann hafa einstakan hæfileika. Gagnrýnandi P3 er hins vegar ekki jafn hrifinn af nýjustu mynd Baltasars Kormáks, Contraband, og er hún sögð gleymast fljótt. Gagnrýnandi tekur það hins vegar fram að Baltasar eigi heilmikið inni sem leikstjóri. Contraband fellur hins vegar vel í kramið hjá Bretum þar sem Telegraph gefur myndinni þrjár stjörnur af fimm mögulegum.



### Garðar sendir mömmu til Kalla Berndsen

Meðal þeirra sem vöktu athygli á árshátíð 365 miðla um helgina voru knattspyrnukappinn Garðar Gunnlaugsson og sjónvarpsstjarnan Karl Berndsen. Þeir þóttu áþekkir í klæðaburði auk þess sem þeir skarta jú sömu hárgreiðslunni. Garðar er nýfarinn að starfa hjá Kúltúr í Kringlunni og Karl er auðvitað þekktur fagurkeri og tekur fólk í yfirhalningu í þáttum sínum. Þeir virðast hafa náð vel saman því Garðar tilkynnti á Facebook-síðu sinni á sunnudaginn að hann ætlaði að senda móður sína til „meistara“ Kalla í gær. Hann yrði jú að dekra við mömmu sína þar sem hún stjanaði við hann á hverjum degi.

- áp, þeb



### Mest lesið vísir

1. Konungur Tonga er látinn
2. Margir með afbrot að baki
3. Mikið álag á vef Vodafone þegar myndbandið var frumsýnt
4. Farfuglaheimili fyrir 250 manns við Hlemm
5. Ómar Ragnarsson: Þjófurinn er í vanda





